# FRÉTTABLAÐIÐ

258. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 4. NÓVEMBER 2015




**Berst fyrir systrunum** Sýrlensku systurnar Joula og Jana eru þriggja og fjögurra ára og una sér vel á leikskólanum Drafnarsteini. Þótt þær hafi aðeins verið í skólanum í rúma viku geta þær sagt nokkur orð á íslensku. Þær fá ekki hæli hér á landi og verður vísað á brott ásamt foreldrum sínum. Aðstoðarleikskólastjóri á Drafnarsteini, Halldóra Guðmundsdóttir, segist gera allt til þess að halda þeim í leikskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fréttablaðið í dag


SKOÐUN Pétur Gunnarsson rithöfundur skrifar um RÚV. 13

SPORT Reynir að vera jákvæður þrátt fyrir mótlætið 16

TÍMAMÓT Skólahljómsveit Kópavogs heldur tónleika í Háskólabíói 36

LÍFIÐ Umboðsmaðurinn Sindri Ástmarsson hefur í nógu að snúast 44

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFIÐ


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Grunur um nauðgun á bekkjarskemmtun HR

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins rannsakar lögreglan kynferðisbrot sem sagt er hafa átt sér stað á bekkjarskemmtun nemenda HR. Nemandi er sagður hafa nauðgað tveimur samnemendum sínum. Skólinn hefur gripið til aðgerða.**

**LÖGREGLUMÁL** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu til rannsóknar gróft kynferðisbrot sem sagt er hafa átt sér stað á bekkjarskemmtun nemenda Háskólans í Reykjavík helgina 16. til 17. október síðastliðinn. Skemmtunin fór fram á skemmtistað í miðbæ Reykjavíkur.

Meintur gerandi er karlmaður á þrítugsaldri. Tvær skólasystur mannsins í frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík eru taldar hafa orðið fyrir grófu kynferðisofbeldi af hans hálfu. Þær eru einnig á þrítugsaldri.

Þegar leitað var eftir svörum frá skólanum fengust þær upplýsingar frá Eiríki Sigurðssyni, forstöðumanni samskiptasviðs Háskólans í Reykjavík, að skólinn hafi boðið þeim nemendum sem málið snertir alla þá aðstoð sem hann getur veitt.

Enn fremur hafi skólinn lagt áherslu á að nám hópsins geti haldið áfram með sem eðlilegustum hætti og að hlutaðeigandi nemendur þurfi ekki að hafa samskipti.

> **Komið hafa fram upplýsingar um alvarlegt atvik innan hóps nemenda í frumgreinadeild HR, utan skólans. Háskólinn hefur boðið þeim nemendum sem málið snertir alla þá aðstoð sem hann getur veitt.**
>
> 
>
> Úr yfirlýsingu Eiríks Sigurðssonar fyrir Háskólann í Reykjavík

Í yfirlýsingu frá Háskólanum í Reykjavík segir að fram hafi komið upplýsingar um alvarlegt atvik innan hóps nemenda í frumgreinadeild háskólans, en það hafi gerst utan skólans.

Þá segir í yfirlýsingunni að skólinn geti ekki tjáð sig að öðru leyti um málið, enda séu eðlileg ferli fyrir slík mál hjá þar til bærum yfirvöldum.

Lögreglan vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því, en Árni Þór Sigmundsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að hann vilji hvorki staðfesta það né neita því að umrætt kynferðisbrotamál sé til rannsóknar hjá embættinu.

„Við erum í afar erfiðri aðstöðu til að tjá okkur um rannsóknir einstakra mála og einstaklinga sem eru til rannsóknar,“ segir Árni Þór Sigmundsson. – ngy

## Tekjuhæstu hækka mest

**MARKAÐURINN** Ráðstöfunartekjur tekjuhæstu Íslendinganna aukast mest allra tekjuflokka. Til að vera meðal eins prósents tekjuhæstu Íslendinganna þurfa ráðstöfunartekjur framteljenda, það er hjóna, einstaklinga eða samskattaðs sambúðarfólks að nema 20,6 milljónum króna á ári sem er aukning um 9,6 prósent milli ára. Það er mesta hækkun allra tekjuflokka milli ára. Næstmest varð hækkunin meðal tíu prósenta tekjuhæstu framteljendanna sem hækkuðu um 6,8 prósent og þurfa árstekjur að nema 10,1 milljón króna. Sé rýnt í hvað er að baki tekjuaukningunni þá munar mest um aukningu fjármagnstekna hjá tekjuhæstu tíu prósentunum en þær aukast um 31 prósent milli ára en dragast saman hjá öllum öðrum.

- ih / sjá Markaðinn

## Kirkjufjöru lokað um sinn

**NÁTTÚRA** Umhverfisstofnun ætlar að loka aðgangi að Kirkjufjöru við Dyrhólaey til bráðabirgða. Stofnunin brýnir fyrir fólki að fara alls ekki niður í fjöruna enda líkur á að meira muni hrynja úr klettum ofan Kirkjufjöru.

Veðurstofan mun kanna öryggi og hvort ástæða sé til að varast umferð um fjöruna eða bjargbrúnir Dyrhólaeyjar. – kbg


EINSTAKT OPNUNARTILBOÐ



3 RÉTTA KVÖLDVERÐUR

2 GLÖS AF LÉTTVÍNI

6.990 KR.

HÁDEGISFJARKINN 1.990 KR. ALLA VIRKA DAGA

HAPPY HOUR DAGLEGA 17-19

HELGARBRUNCH FRÁ 1.990 KR.

BORG RESTAURANT

PÓSTHÚSSTRÆTI 11 - 101 REYKJAVÍK

S: 578 2020

BORGRESTAURANT.IS

## Veður




**Víðáttumikil lægð** suðvestur af landinu mun stýra veðrinu hjá okkur næstu daga. Fer að bæta í vind þegar líður á daginn. Seint í kvöld má gera ráð fyrir austan 8-15 m/s og rigningu sunnan til á landinu. Hiti yfirleitt 1 til 6 stig. SJÁ SÍÐU 22

# Flugritarnir í góðu ástandi

**EGYPTALAND** Enn hafa engar staðfestar upplýsingar borist af rannsókn á flugritum flugvélar sem fórst á Sínaískaga á laugardag. Rússneskir og egypskir sérfræðingar rannsaka flugritann og leita eftir vísbendingum um hvað olli því að vélin hrapaði til jarðar.

Flugritarnir eru sagðir í góðu ástandi og geyma hljóðritanir af samtölum í stjórnklefa vélarinnar og tæknilegar upplýsingar um flugið. Talsmaður flugfélagsins fullyrti á mánudag að ekki hafi verið um vélarbilun að ræða heldur hefði eitthvað utanaðkomandi grandað flugvélinni. – **kbg**



**Sanddæluskipið er enn á kafi**
MYND/VILHELM

# Perlan marar enn í hálfu kafi

**REYKJAVÍK** Tólf þúsund lítrar af olíu eru í sanddæluskipinu Perlunni en í gær héldu kafarar áfram vinnu við að þétta það til að koma í veg fyrir leka. Nú liggur fyrir tillaga Björgunar ehf. um hvernig mögulegt er að standa að verki við að ná Perlunni af hafsbotni við Ægisgarð.

Í dag munu kafarar skoða skipið frekar og verður þá tekin endanleg ákvörðun um aðgerðir. Verði niðurstaðan sú að hefja dælingu úr skipinu þá er stefnt að því að sú vinna hefjist um klukkan 17.00 í dag. Takist vel til er gert ráð fyrir að um sex klukkustundir taki að dæla úr skipinu. – **kbg**

## Hátíð í sjónmáli



Starfsmenn Reykjavíkurborgar eru þessa dagana að koma fyrir grenitrjám sem höggvin eru í borgarlandinu sjálfu og munu brátt verða skreytt litfögrum jólaseríum. Alls er um að ræða 26 vegleg tré sem gróðursett verða víðsvegar eins og þetta tré sem komið var fyrir við Mjóddina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Spennumynd í Grindavíkurbæ

**KVIKMYNDAGERÐ** Spennumyndin Ég man þig, sem byggð er á skáldsögu Yrsu Sigurðardóttur, verður að hluta til tekin upp í Grindavík. Bæjarstjórn Grindavíkur hefur heimilað að afmörkuðu svæði verði lokað og munu tökur fara fram þar í tvo daga síðar í þessum mánuði.

Það eru Zik Zak kvikmyndir og Sigurjón Sighvatsson sem framleiða myndina en leikstjóri hennar er Óskar Þór Axelsson sem á að baki kvikmyndina Svartur á leik. Þorvaldur Davíð Kristjánsson mun fara með eitt af aðalhlutverkunum í myndinni ásamt Ágústu Evu Erlendsdóttur.

Myndin verður einnig tekin upp á Vestfjörðum, meðal annars á Ísafirði og á Hesteyri. – **ngy**




# Segja svikamiðla falla á skyggnilýsingarprófi

**Forseti Sálarrannsóknarfélags Íslands segir efahyggjumenn ekki málefnalega í gagnrýni sinni á miðla. Anna Birta Lionaraki stóðst prófið „upp á hundrað“.**

**SAMFÉLAG** „Það er til fólk sem er að svindla í þessu eins og í öllu, það er til fólk sem er að stela og það er til fólk sem er óheiðarlegt. Það er alls staðar og líka í þessum geira,“ segir Magnús Már Harðarson, forseti Sálarrannsóknarfélags Íslands.

Á mánudag vakti athygli viðtal á Stöð 2 á milli Frosta Logasonar fjölmiðlamanns og Önnu Birtu Lionaraki vegna skyggnilýsingarfundar sem Anna hélt á sunnudag. Þar sakaði Frosti Önnu meðal annars um að vera svikamiðill og nýta sér neyð fólks.

„Við hjá Sálarrannsóknarfélaginu prófuðum Önnu mjög nákvæmlega og hún stóðst öll próf alveg upp á hundrað,“ segir Magnús.

Að sögn Magnúsar fara prófin þannig fram að hlutlaus miðill er fenginn til að meta miðilsgáfu umsækjanda. Þá setjist stjórn félagsins niður með viðkomandi og biðji um skyggnilýsingu. Anna hafi staðist hans viðmið, sem felst í því að geta sagt honum eitthvað sem enginn veit nema hann.

Magnús segir að fólk sem ekki geti haft samband við handanheim guggni á prófi félagsins.

„Þeir vita eins og er að þeir munu ekki standast það. Svo er annað í þessu sem er mjög algengt, að fólk er með hæfileika en ekki nógu mikinn hæfileika. Það eru ekki allir eins og Víkingur Heiðar Ólafsson, en spila á píanó engu að síður.“

Bryndís Emilsdóttir miðill segist ekki þekkja miðla sem vinni af óheilindum. Hún segir að efahyggjufólk geti borið með sér neikvæða orku sem hafi áhrif á skyggnilýsinguna.



**Bryndís Emilsdóttir miðill og Magnús Harðarson, forseti Sálarrannsóknarfélags Íslands, vilja að efahyggjumenn láti þau í friði með sína trú.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Varðandi dáið fólk og dauðann þá myndi ég halda að það væri farsælast að fólk horfist í augu við að lífið er bara frá fæðingu til dauða.



Jóhann Björnsson, heimspekingur og formaður Siðmenntar

Jóhann Björnsson, heimspekingur og formaður Siðmenntar, segir siðferðileg álitaefni um miðla togast á, annars vegar hvort það eigi að segja satt og rétt frá og hins vegar hvað lætur fólki líða vel.

„Ég hef efasemdir um að það sé rétt að fara með ósannindi beinlínis til að láta fólki líða vel. Varðandi dáið fólk og dauðann þá myndi ég halda að það væri farsælast að fólk horfist í augu við að lífið er bara frá fæðingu til dauða,“ segir Jóhann.

Siðferðilegar spurningar eru knýjandi þegar peningar eru teknir fyrir skyggnilýsingar segir Jóhann.

„Það er sérstaklega alvarlegt ef fólk hefur ekkert fyrir sér í þessu og er að rukka fyrir þetta því þá eru það bara hrein og klár svik,“ segir Jóhann Björnsson.

snaeros@frettabladid.is



# Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu

# Nýi besti vinur þinn?

## › Ford Fiesta frá 2.390.000 kr.

5 dyra · MyKey · Fáanlegur með vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð · Hiti í framsætum · 3,5 tommu upplýsingaskjár · AUX og USB tengi · Fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur · Samlitaðir stuðarar Rafdrifnir og upphitanlegir hliðarspeglar · Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40 · Samlituð vindskeið · 6 hátalarar · Einstaklega rúmt farangursrými (290 lítra) · Frábær í endursölu · Start Stop spartækni · Brekkuaðstoð Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna Samlitaðir hliðarspeglar · EasyFuel · ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn Ofnæmisprófuð efni í innréttingu · Fáanlegur sjálfskiptur á frábæru verði 5 stjörnu öryggi · Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns.

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

Í tilefni 20 ára afmælis Ford hjá Brimborg fylgja ný **Nokian vetrardekk að verðmæti 108.000 kr.** öllum nýjum Ford Fiesta í nóvember. Þú færð bílinn á vetrardekkjum og sumardekk í skottið. Nýttu tækifærið.

***Glæsilegur staðalbúnaður***
***Komdu og prófaðu mest selda smábíl Evrópu***

Ford

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri er sagður misnota póstlista en skrifstofustjóri hafnar því í svari til borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Starfinu ekki óviðkomandi

**REYKJAVÍK** Útsending upplýsinga í vikulegum pistli um störf Dags B. Eggertssonar borgarstjóra til starfsmanna borgarinnar samrýmist hlutverki hans sem framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Þetta kemur fram í svari skrifstofustjóra borgarstjóra, við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks um vikulegan tölvupóst borgarstjóra til starfsmanna. Netfangalistinn hafi ekki verið notaður til miðlunar á efni sem sé starfi borgarstjóra óviðkomandi.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks sögðu Dag halda úti pólitískri fréttaveitu með vikulegum pistlum á póstlista. Umhugsunarvert sé að skrifstofa borgarstjóra telji það samræmast reglum að borgarstjóri noti þennan vettvang sem æðsti embættismaður borgarkerfisins til að hnýta í pólitíska fulltrúa minnihlutans. **– kbg**

## Vill endurskoða regluverk um neyðarmóttöku

**ALÞINGI** „Að sjálfsögðu á ekki að eyða sönnunargögnum á meðan fyrningarfrestur hefur ekki gengið í gildi,“ sagði Jóhanna María Sigmundsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, í umræðum um störf þingsins á Alþingi í gær. Jóhanna var þar með að tjá sig um frétt Fréttablaðsins frá því á þriðjudag þar sem segir að sönnunargögnum, svo sem lífsýnum og nærfötum, sem tekin eru á neyðarmóttöku vegna nauðgana sé eytt eftir níu vikur. Jóhanna segir þetta allt of stuttan tíma. Hún segir að endurskoða þurfi regluverk um vörslu sönnunargagna hjá neyðarmóttökunni. „Þetta verkferli á ekki að vera til þess að þrýsta á þolendur kynferðisafbrota til að kæra. Þeir eiga að fá að taka ákvörðunina sjálfir og það er okkar að hafa til það lagaumhverfi og þá aðstöðu sem fólk þarf á að halda.“ **– snæ**

# Líklegt að fyrsti landnámsskáli á Austurlandi finnist

**FORNLEIFAR** „Fornleifafræðingur hefur gert forkönnun á svæðinu sem leiðir til þess að mögulega er hægt að finna fyrsta landnámsskála sem byggður var á Austurlandi,“ segir Gunnar Jónsson, bæjarritari Fjarðabyggðar.

Fyrirhugað er að fara í fornleifagröft við bæinn Stöð í Stöðvarfirði til þess að kanna hvort um landnámsbústað geti verið að ræða í því landi. Undirbúningur að rannsókn á fornleifum stendur nú yfir.

„Upphaflega kom þetta upp þegar menn voru að skoða mögulegar línulagnir á svæðinu og það komu upp vísbendingar um að þarna gætu verið fornminjar af einhverju tagi,“ segir Gunnar.

Bæjarráð Fjarðabyggðar samþykkti á mánudaginn að ábyrgjast forvarnir á þeim gripum sem þar kunna að finnast í tveimur rannsóknarholum sem fyrirhugað er að taka í nóvember 2015. Þá verður þeim komið í vörslu hjá Þjóðminjasafni Íslands eins og lög gera ráð fyrir.

„Líkur til þess að landnámsbústaður sé þarna eru taldar mjög góðar og rannsóknir benda til þess. Fyrsta skrefið hjá okkur er að bæjarfélagið ábyrgist forvörslu muna og er það undirbúningsferli nú í gangi áður en leitin hefst,“ segir Gunnar Jónsson. **– ngy**



**Stöðvarfjörður er talinn geyma landnámsbæ sem freista á að draga fram í dagsljósið.** MYND/PÉTURSÖRENSSON

# Leikskólastjórarnir vilja ekki sjá á bak sýrlensku systrunum

Leikskólastjórar á Drafnarsteini, foreldrar og nágrannar vilja gera allt sem í þeirra valdi stendur til að halda Jönu og Joulu á Íslandi. Systurnar hafa verið á leikskólanum Drafnarsteini í rúma viku og geta nú þegar sagt nokkur orð á íslensku. Útlendingastofnun úrskurðaði að senda ætti fjölskylduna til Grikklands.

**MANNRÉTTINDI** „Við viljum gera allt sem er í okkar valdi til þess að halda þeim hér og erum að skoða hvernig við getum beitt okkur fyrir þeirra velferð,“ segir Halldóra Guðmundsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri á Drafnarsteini, um sýrlensku systurnar Joulu og Jönu, þriggja og fjögurra ára.

Joula og Jana hófu skólagöngu sína á Drafnarsteini fyrir rúmri viku.

„Ég hef verið að spyrjast fyrir um hvað við getum gert. Okkur finnst ótækt að það standi til að senda þær aftur til Grikklands.“

Foreldrar systranna, þau Wael Aliyadah og Feryal Aldahash, komu til Íslands fyrir fjórum mánuðum með dætur sínar. Þau sóttu um hæli á Íslandi en var neitað og umsókn þeirra verður ekki tekin fyrir þar sem fjölskyldan hefur nú þegar stöðu hælisleitenda í Grikklandi.

Halldóra segir aðlögun systranna hafa gengið vel. Starfsmenn og foreldrar barna á leikskólanum hafa lagt þeim lið og til að mynda gefið þeim útifatnað og aðrar nauðsynjar. Systurnar geta sagt nokkur íslensk orð þrátt fyrir að hafa aðeins verið á leikskólanum í viku; skór, galli og krakkar eru á meðal orða sem þær segja á skýrri íslensku. Þær hafa líka myndað tengsl við leikfélaga sína á leikskólanum þrátt fyrir stutta veru.

„Þær plumuðu sig frá fyrsta degi, það var eiginlega stórmerkilegt. Maður sá þær fylgjast með rútínunni og taka svo strax þátt. Þær voru í augljósri þörf fyrir að komast í skóla, það gleymist stundum í umræðunni að það eru mikilvæg réttindi þeirra.

Það gengur svo vel hjá fjölskyldunni. Foreldrarnir hafa einnig lagt hart að sér í íslenskunámi og geta sagt nokkrar setningar á íslensku. Foreldrarnir á leikskólanum láta sér annt um fjölskylduna. Við spyrjum okkur öll að því af hverju fjölskyldan fái ekki að vera hér,“ segir Halldóra.



**Jana og Joula glaðar í bragði á Dvergasteini.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Við spyrjum okkur öll að því af hverju fjölskyldan fái ekki að vera hér.**
>
> Halldóra Guðmundsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri á Drafnarsteini



Wael og Feryal sögðu sögu sína í Kastljósi snemma í haust. Þá greindu þau frá því að þau hefðu ekki haft annað val en að sækja um hæli í Grikklandi. Annars hefðu þau verið handtekin.

Wael og Feryal óttast að vera send til baka þar sem aðstæður eru á engan hátt tryggar í Grikklandi.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**






# LÁTTU EKKI UMBÚÐIRNAR BLEKKJA ÞIG

## ÞAÐ VILJA ALLIR SVEPPIR VERA FLÚÐASVEPPIR

Við erum upp með okkur. Það að aðrir sveppir séu í eins öskju og kalli sig fínum íslenskum nöfnum bara til þess að líkjast meira hinum rammíslensku Flúðasveppum segir okkur að við erum klárlega að gera eitthvað rétt. Við látum það þó ekki stíga okkur til höfuðs heldur hvetjum fólk til að gá að upprunalandi á öllum umbúðum.

Íslenskir Flúðasveppir halda áfram að vera góð fyrirmynd erlendra sveppa, því að það er það sem góðir leiðtogar gera.

FLÚÐA SVEPPIR

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti

islenskt.is

ÍSLENSKA/ SIA.IS/ SFG 76551 10/15

# #guðblessiReykjavík segir oddviti sjálfstæðismanna

**REYKJAVÍK** Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016 var kynnt á fundi borgarstjórnar í gær en í hálfsársuppgjöri Reykjavíkurborgar kom fram að rekstrarniðurstaðan var 1,84 milljörðum króna lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði að væntum halla þessa árs yrði snúið í afgang á næsta ári með fjárhagsáætlun borgarinnar. A-hlutinn verði rekinn með ríflega hálfs milljarðs króna afgangi og A- og B-hlutar reknir með átta milljarða króna afgangi.

Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna, segir nauðsynlegt að skera niður í rekstri borgarinnar í þágu grunnþjónustu.

„Það er mjög mikið stjórnleysi í fjölgun stöðugilda í borginni, það hafa 74 ný stöðugildi orðið til á kjörtímabilinu. Þá eru fjórtán upplýsingafulltrúar starfandi hjá borginni og stjórnkerfis- og lýðræðisráð kostar borgina 140 milljónir. Það þarf að forgangsraða í þágu grunnþjónustu í borginni,“ segir Halldór.

Oddvitinn notaði myllumerkið #guðblessiReykjavík á Twitter í færslu um fjárhagsstöðuna.

„Mér finnst ástæða til að hafa áhyggjur því skuldaþróunin er mjög hröð og meirihlutanum hefur ekki tekist að takast á við vandann,“ svarar Halldór aðspurður hvort staðan sé virkilega svo slæm. **– kbg**



**Halldór treystir ekki forsendum nýrrar fjárhagsáætlunar og telur ekki raunhæft að hallarekstri verði snúið við nema með róttækari aðgerðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Það er mjög mikið stjórnleysi í fjölgun stöðugilda í borginni, það hafa 74 ný stöðugildi orðið til á kjörtímabilinu.**
>
> Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna


Ný frímerki

Safnaðu litlum listaverkum

Á morgun 5. nóvember gefur Íslandspóstur út jólafrímerkin 2015 og frímerkjaröð tileinkaða íslenskri myndlist. Myndefni jólafrímerkjanna á að miðla þeim kósí hughrifum sem vakna í aðdraganda jólanna.

Jólaprýði Póstsins 2015 er tileinkuð þremur kirkjum: Húsavíkurkirkju, Þingeyrakirkju í Húnaþingi og Neskirkju í Reykjavík.





Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum.
Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050.
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is
facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN


## Brottræk frá Malmö



Eftir nokkurra mánaða þóf hófst lögreglan í Svíþjóð handa við að rýma búðir Rómafólks sem komið hafði sér fyrir í Malmö gegn vilja borgaryfirvalda þar. Flytja átti um tvö hundruð manns á brott. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Pappírsframtali útrýmt

**Ríkisskattstjóri stefnir á að stórefla rafræna þjónustu. Rafræn skattkort og skjalagerð við stofnun hlutafélaga fækkar mistökum og spornar við kennitöluflakki.**

**STJÓRNSÝSLA** „Reynslan af framtalsskilum síðustu ára sýnir ótvírætt að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar kýs rafræn samskipti og sparar sér þannig tíma og fyrirhöfn,“ segja Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri í leiðara nýjasta tölublaðs Tíundar, fréttablaðs Ríkisskattstjóra.

„Því verður að skoða alvarlega hvort nú sé tímabært að bjóða eingöngu upp á rafræn skil á skattframtölum.“

Yfirmenn skattamála þjóðarinnar segja í leiðara Tíundar að rafræn skil séu augljóslega hagkvæmari lausn.

„Og á tímum almennra krafna um aðhald í rekstri hins opinbera er vart ásættanlegt að örfáir framteljendur geti krafið stjórnvöld um að viðhalda úreltum vinnubrögðum eða aflagðri þjónustu.“

Í Tíund upplýsa Skúli Eggert og Ingvar jafnframt um skref sem á næsta ári er ætlað að taka í átt til aukinnar rafrænnar afgreiðslu í skattamálum. Nú hilli undir að skattkortin verði lögð niður um áramótin og launafólk og -greiðendur losni þar með við umtalsvert umstang. Áður fyrr hafi ekki þótt sérstakt tiltökumál að bera pappír á milli stofnana og fyrirtækja.

„Nú er þetta löngu liðinn tími og skattkortin orðin að nátttrölli í skattaframkvæmdinni.“

Á fyrri hluta næsta árs er stefnt að nýrri rafrænni fyrirtækjaskrá. Eftir útboð er gengið til samninga við Advania um smíði á nýju tölvukerfi sem mun halda utan um rafræna stofnun og skráningu lögaðila.

Í nýju kerfi fer öll hefðbundin skjalagerð fram rafrænt þar sem komið er í veg fyrir mistök viðskiptavina við skráningu og skráningu hlutafélaga þar með flytt.

„Þetta breytta fyrirkomulag mun jafnframt auka getu embættisins til að viðhalda skrám yfir fyrirtæki, bæta þjónustu og auka um leið eftirlit með stofnun félaga og sporna við þeirri alvarlegu meinsemd sem kennitöluflakk er í okkar samfélagi.“ **olikr@frettabladid.is**

> **Vart ásættanlegt að örfáir framteljendur geti krafið stjórnvöld um að viðhalda úreltum vinnubrögðum**
>
> Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri





**Áður voru oft langar raðir er fólk skilaði framtali á pappír til skattsins í Reykjavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## Met slegið í skilum

Fram kemur í Tíund að rafræn skil skattskýrslna hafi slegið öll fyrri met á þessu ári, en þau voru 99,74 prósent af öllum skiluðum skattframtölum. Á skattgrunnskrá 2015 voru 271.806 einstaklingar, sem þýðir að einungis 707 skiluðu ekki rafrænt. Rafræn skil hafa aukist hröðum skrefum frá því þau voru tekin upp laust fyrir aldamót, voru 10 prósent árið 1999, tæp 60 prósent 2001, voru komin í 90 prósent árin 2006 og 2007, og hafa svo smáaukist á hverju ári síðan.



# DEBENHAMS

**GERÐU GÓÐ KAUP**
*á sprengidegi*

**25% AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM VÖRUM NEMA**

**20% AFSLÁTTUR**
**AF SNYRTIVÖRUM**

Gildir ekki af öðrum tilboðum

## OFURTILBOÐ BARA Í DAG!



**40%** afsláttur af öllum slám.




**40%** afsláttur af öllum kjólum frá Collection.



**40%** afsláttur af öllum barna spari- og útiskóm.




**40%** afsláttur af öllum herra og dömu skóm frá Collection.




**40%** afsláttur af öllum herra peysum frá Maine.




**40%** afsláttur af öllum herra náttföt frá Mantaray.



**40%** afsláttur af öllum brjóstahöldurum 2 í pakka.

M·A·C

**20%** afsláttur af öllum MAC snyrtivörum.

Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook

**OPIÐ TIL 19:00 Í KVÖLD**

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Hundrað þingmál ráðherra ekki komin fram og ekkert frá þremur ráðherrum

**Af þeim 127 þingmálum sem ráðherrar ætla sér að leggja fyrir haustþingið hafa aðeins 29 þeirra komið til þings. Ljóst má vera að ef öll þingmálin koma til þings verði nóg að gera í þinginu fram að jólafríi. Þingflokksformenn stjórnarandstöðu segjast undrast stöðuna.**

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



**ALÞINGI** Aðeins 29 þingmál ráðherra eru komin fram til þings af þeim 127 sem þeir áætluðu að leggja fram á þessu haustþingi. Sautján reglulegir þingfundardagar eru eftir af þingfundum Alþingis þar til þingið fer í jólafrí. Alls bíða því 98 lagafrumvörp, skýrslur og þingsályktunartillögur ráðherra í ríkisstjórninni eftir að koma til þings.

Samkvæmt starfsáætlun þingsins þurfa mál að berast skrifstofu þingsins fyrir lok nóvembermánaðar eigi að taka þau á dagskrá fyrir jól. Síðasti þingfundur er áætlaður 11. desember. Þarf því þingið að halda vel á spöðunum ef öll þessi mál eiga að komast á dagskrá þingsins á þessu hausti.

Brynhildur Pétursdóttir, þingflokksformaður Bjartrar farmtíðar, segir ólíklegt að allur þessi fjöldi komi fram.

„Ég lít á þennan þingmálalista ríkisstjórnarinnar sem einhvers konar óskalista hennar um mál sem hún gæti hugsað sér að koma með fyrir þingið,“ segir Brynhildur. „Rólegt hefur verið yfir þessari ríkisstjórn á yfirstandandi þingi og líklegt að við munum sjá fjölda þessara mála koma fram á vorþingi.“

Þrír ráðherrar hafa ekki komið fram með neitt af þeim málum sem þeir ætluðu sér að koma fram með á þessu þingi. Það eru Eygló Harðardóttir, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Illugi Gunnarsson. Hins vegar hafa Gunnar Bragi Sveinsson, Ólöf Nordal og Bjarni Benediktsson lagt fram flest mál. Þessir þrír ráðherrar hafa samtals komið fram með 20 þingmál af þeim 29 sem hafa komið til kasta þingsins það sem af er.

Helgi Hrafn Gunnarsson Pírati tekur í sama streng og Brynhildur um vinnubrögð þingsins og spyr hvar ríkisstjórnin sé því lítið sé að gera í þinginu nú um stundir.

„Miðað við þau þing sem ég hef setið finn ég hvað það kemur lítið af málum frá ríkisstjórninni. Svo koma þau fram kannski löngu eftir sett tímamörk þannig að við getum alveg séð þau koma fram einhvern tímann seinna,“ segir Helgi, en telur þetta geta komið niður á vinnunni.

„Þessi rólega tíð gefur manni að minnsta kosti tíma til að skoða vel þau mál sem hafa þó komið fyrir þingið. En ég hef miklar áhyggjur af því að fjöldi mála komi seint og það kosti mikla orku og tíma að komast yfir allan málafjöldann. Því mun ekki gefast tími fyrir lítinn þingflokk að kafa ofan í mál og vinna vinnuna sína nægilega vel,“ segir Helgi Hrafn.

sveinn@frettabladid.is

## Hvernig standa ráðherrar sig?

**Fjöldi þingmála sem ráðherrar hafa nú lagt fyrir þingið miðað við þingmálaskrá hvers ráðherra, þ.e. fjölda þeirra mála sem ráðherra hugðist leggja fyrir þetta þing sem lýkur 11. desember**





**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**
Eitt af fjórum málum lagt fyrir þingið
25%



**Ólöf Nordal**
Sex af þrjátíu málum lögð fyrir þingið
20%



**Eygló Harðardóttir**
Engin mál af ellefu lögð fyrir þingið
0%



**Illugi Gunnarsson**
Engin mál af ellefu lögð fyrir þingið
0%



**Bjarni Benediktsson**
Sex af nítján málum lögð fyrir þingið
31,5%



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
Tvö af átta málum lögð fyrir þingið
25%



**Kristján Þór Júlíusson**
Tvö af níu málum lögð fyrir þingið
22,2%



**Sigrún Magnúsdóttir**
Fjögur af tólf málum lögð fyrir þingið
33,3%



**Ragnheiður Elín Árnadóttir**
Engin mál af fimm lögð fyrir þingið
0%



**Gunnar Bragi Sveinsson**
Átta af átján málum lögð fyrir þingið
44,4%

> **Ég lít á þennan þingmálalista ríkisstjórnarinnar sem einhvers konar óskalista.**



Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar

> **Miðað við þau þing sem ég hef setið finn ég hvað það kemur lítið af málum frá ríkisstjórninni.**



Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Íslendingar elska Skoda enda eru vandfundnari bílar sem henta íslenskum fjölskyldum betur. Þeir eru einstaklega rúmgóðir, sparneytnir, endingargóðir og frábærir í endursölu. **Komdu við hjá okkur í Heklu og prófaðu skemmtilega Skoda.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

# Vinkvennakvöld Garðheima

*...forleikur að jólunum*



**20-40% AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM VÖRUM**
★ YFIR ALLAN DAGINN OG UM KVÖLDIÐ ★

Miðvikudaginn 4. nóvember verður vinkvennastemning í Garðheimum. Þá fara Garðheimar í sinn sparilegasta búning og fagna aðdraganda jólanna með öllum vinkonum sínum. Notaleg og skemmtileg stemning verður allsráðandi um kvöldið sem byrjar með dásamlegum vinkvennamatseðli (2 fyrir 1) á Spírunni milli kl 17 og 19. Formleg dagskrá hefst kl 19:00 þegar Gói tekur við stjórninni og leiðir okkur í gegnum kvöldið með sinni smitandi gleði og gríni. Þá fáum við að fylgjast með stílistum, hönnuðum og blómaskreytum gefa okkur fjölda skemmtilegra hugmynda til að fegra heimilið.

## MIÐVIKUDAGINN 4. NÓVEMBER FRÁ 19:00 TIL 21:00



KYNNIR KVÖLDSINS - GÓI

- » **Hafliði Ragnars** kynnir sitt himneska súkkulaði.
- » Danssveifla frá **Dansíþróttafélagi Hafnafjarðar**
- » Gourmet matvörukynningar frá **Nicolas Vahe og Stonewall Kitchen**
- » **Quality Street** konfekt og drykkir í frá **Ölgerðinni**
- » Tískusýning frá **Zik Zak tískuhúsi**
- » Hátíðardrykkur frá **Villa Conchi** og Sódavatn frá **Klaka**
- » Jólalakkrís frá **Johan Bulow** og nýtt súkkulaði frá **Nóa Siríus**
- » Íslenskir hönnuðir kynna nýjungar í sínum línum, **Sveinbjörg, Ihanna, Hekla, JB Art og Jónsdóttir og co.**



HAFLIÐI KYNNIR SITT EINSTAKA SÚKKULAÐI

## LUKKUPOTTURINN

Glæsilegir vinningar dregnir út allt kvöldið - svo sem:

- » Superior class gisting fyrir tvo með morgunverði á **Grand Hotel**
- » Töskur frá **Timberland**
- » Gjafabréf frá **Zik Zak**
- » Gjafabréf í **Hilton Spa**
- » Glaðningur frá **Íslenskum hönnuðum**
- » Glæsilegir vinningar frá **Garðheimum ofl**

## BJÓÐDU VINKONU ÞINNI MEÐ OG NJÓTIÐ KVÖLDSINS MEÐ OKKUR!

**Frá 17 til 19 verður 2 fyrir 1**
af sérstökum vinkvennamatseðli á Spírunni

Val um:
- » Volgt kjúklingasalat með nachos, sætum kartöflum, fetaosti og sesam fræum.
- » Ferskt salat með reyktum laxi, mango, avocado, ristuðum furuhnetum og sítrusvinaigrette.
- » Rjómalöguð sjávarréttasúpa fylgir með.

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is


**Vefurinn kemur meðal annars í stað reyklaus.is** NORDICPHOTOS/AFP

## Nýr vefur vegna lífsstíls-sjúkdóma

**HEILBRIGÐISMÁL** Embætti landlæknis hefur opnað vefinn heilsuhegðun.is sem á að styðja þá sem vilja draga úr eða hætta áfengis- eða tóbaksneyslu, auka hreyfingu, bæta mataræði eða vinna gegn streitu.

Nýi vefurinn verður tengdur smáforriti sem auðveldar notkun þjónustunnar sem er gagnvirk. Vefurinn kemur í stað heimasíðunnar reyklaus.is sem verður lokað.

„Auk þess að bæta heilsuna er markmið með heilsuhegðun.is að draga úr kostnaði ríkisins vegna lífsstílstengdra sjúkdóma og vekja almenning til vitundar um heilbrigt líferni og bætta líðan,“ segir á vef landlæknisembættisins. **– ebg**

## Grænlensk börn beitt grófu ofbeldi

**GRÆNLAND** Yfirvöld á Grænlandi grípa sjaldan til aðgerða þótt börn í norðvesturhluta landsins séu beitt kynferðislegu ofbeldi og annars konar grófu ofbeldi. Börnin, bæði stór og lítil, eru vanrækt og fá ekki nóg að borða. Þetta kemur fram í skýrslu umboðsmanns barna á Grænlandi sem danska ríkisútvarpið greinir frá.

Þingmaður Danska þjóðarflokksins, Sören Espersen, vill umræður um málið á danska þinginu. Hann segir að ráðherra velferðar barna, Elle Thrane Nörby, verði að sjá til þess að engin börn í danska konungdæminu séu vanrækt. Augljóst sé að grænlensk yfirvöld geti ekki séð um þennan málaflokk og hann verði þess vegna að fara aftur í umsjón Dana. **– ibs**

# Einn maður við skrifborð er ekki safnastarf segir frumherji

**Forstöðumanni Tónlistarsafns Íslands hefur verið tilkynnt um niðurskurð. Loka á húsnæðinu í Kópavogi og hætta sýningahaldi. Bæjarstjóri segir ástæðuna vera að ríkið standi ekki við sinn hluta samnings.**

**MENNING** „Mér var tilkynnt að í fjárhagsáætlun næsta árs yrði eitt stöðugildi af tveimur í Tónlistarsafninu fellt niður til að ráða mætti barnamenningarfulltrúa. Samtímis yrði sýningum hætt, húsnæðinu lokað og mér sem forstöðumanni komið fyrir við skrifborð í annarri byggingu,“ segir Bjarki Sveinbjörnsson, forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands.

Safnið er það eina sinnar tegundar á Íslandi. Starfsemin felst í söfnun, miðlun og skráningu á tónlistarsögu Íslands, allt frá landnámi til dagsins í dag.

„Ég svaraði því þannig að með þessari aðgerð væri raunverulega verið að loka safninu,“ segir Bjarki. Hann og Jón Hrólfur Sigurjónsson eru einu starfsmenn safnsins. Þeir byrjuðu fyrir tuttugu árum að skrá íslenska tónlistarsögu í sjálfboðaliðastarfi.

Árið 2009 var hugmynd félaganna um opnun Tónlistarsafns Íslands samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs og þar með færðu þeir starfsemi sína þangað. Kópavogsbær opnaði safnið með styrk frá ríkinu að fyrirmynd Hönnunarsafns Íslands í Garðabæ. En Bjarki segir að einn starfsmaður og eitt skrifborð séu ekki safn.

„Við munum missa viðurkenningu safnaráðs sem safn, enda værum við ekki að fylgja stofnskrá um sýningahald og söfnun,“ segir Bjarki sem finnst undarlegt að meirihluti bæjarráðs Kópavogs geti með einu pennastriki lamað starfsemi safnsins.

„Þetta snýst ekki um peninga heldur viðhorf – enda hlýtur annar stærsti bær landsins að geta rekið stofnun með tveimur starfsmönnum,“ segir Bjarki og ítrekar að hann hafi ekki áhyggjur af atvinnuöryggi sínu eða samstarfsmanns síns enda báðir komnir á sjötugsaldur. Þess þá heldur finnst honum mikilvægt að safngripirnir og afrakstur margra ára starfs komist í öruggar hendur. „Hreinlegast væri bara að loka safninu og koma þessum verðmætum í öruggt skjól, til dæmis hjá Þjóðminjasafninu.“

> Við munum missa viðurkenningu safnaráðs sem safn, enda værum við ekki að fylgja stofnskrá um sýningahald og söfnun.
>
> Bjarki Sveinbjörnsson, forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, segir safnið verða rekið áfram þegar blaðamaður spyr hvort Tónlistarsafn Íslands sé ekki langtímaverkefni.

„Það var gerður samningur við ríkið um rekstur á safninu. Ríkið hefur ekki staðið við þennan samning og dregið úr sínum framlögum. Hins vegar hefur Kópavogsbær sett mun meira í safnið en samningur gerir ráð fyrir,“ segir bæjarstjórinn.

Í heildina hefur Kópavogsbær sett um 200 milljónir í verkefnið.

„Þetta er ekki dæmigert verkefni fyrir sveitarfélag heldur eitthvað sem ríkið ætti að sjá um. Því hlýtur að vera eðlilegt að bærinn endurskoði fjárframlag sitt þegar ríkið stendur ekki við samninga,“ segir Ármann Kr. Ólafsson.

**erlabjorg@frettabladid.is**


**Bjarki við orgelið hans Jóns Leifs sem hann notaði þegar hann ferðaðist um landið og safnaði þjóðlögum. Safnið hefur síðustu ár safnað mörgum slíkum gripum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







**Á athafnasvæði Íslenska kalkþörungafélagsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Vinnsla kalkþörungasets leyfð úr Ísafjarðardjúpi

**STJÓRNSÝSLA** Íslenska kalkþörungafélagið hefur fengið heimild Orkustofnunar til tilraunatöku á 600 rúmmetrum af kalkþörungaseti af hafsbotni austan Æðeyjar og út af Kaldalóni í Ísafjarðardjúpi. Taka á 300 rúmmetra á hvorum stað.

Vísað er til ákvörðunar Skipulagsstofnunar frá október um að umbeðin tilraunataka af hafsbotni í Ísafjarðardjúpi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og þar af leiðandi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

„Með tilraunatökunni er fyrirhugað að ljúka þeim rannsóknum sem fyrirtækið hefur staðið fyrir í Önundarfirði og Ísafjarðardjúpi, að meðtöldum Jökulfjörðum, frá árinu 2011,“ segir á vef Orkustofnunar.

Tekin verða minnst 24 sýni af kalkþörungasetinu, síðan verður kornastærðin greind og efnin sem í sýnunum finnast. Að auki verður gerð skýrsla um dælinguna. **– óká**

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

DEWALT
– á heima hjá Sindra –



DCD790D2
## 18V HLEÐSLUBORVÉL KOLALAUS
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2x2,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,62 kg

Tilboðsverð
**39.900** m/vsk.
Fullt verð 45.549



DCD790P2
## 18V HLEÐSLUBORVÉL KOLALAUS
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2x5,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,84 kg

Tilboðsverð
**57.900** m/vsk.
Fullt verð 63.775



DCH235M2
## HÖGGBORVÉL 18V SDS+
Rafhlaða: 2x4,0 Ah Li-Ion
Afl: 400 W
Höggþungi: 2,1 J
Þyngd: 3,1 kg

Tilboðsverð
**95.000** m/vsk.
Fullt verð 118.105



DW0822
## PUNKTA- OG LÍNULEISER
Rafhlaða: 3x AA
Tveggja línu laser með lóðrétta og lárétta línu í kross og punkta í loft og gólf í lóðréttri línu

Tilboðsverð
**35.900** m/vsk.
Fullt verð 43.403



DWS780
## GEIRUNGSSÖG
Afl: 1675 W
Snúningshraði: 3800 sn./mín.
Mesti halli: 45°/45°
Blað: 305 mm
Þyngd: 24,8 kg

Tilboðsverð
**159.900** m/vsk.
Fullt verð 180.621



DCS355D2
## 18V FJÖLNOTASÖG
Rafhlaða: 2x2,0 Ah Li-Ion
Afl: 300 W
Þyngd: 1,68 kg
Lengd: 310 mm

Tilboðsverð
**59.900** m/vsk.
Fullt verð 74.812



DE7023
## BORÐ FYRIR GEIRUNGSSAGIR
Létt og þægilegt borð fyrir allar gerðir geirungssaga. Fætur brjótast undir borð í flutningi. Borðið er 1,9 m samanbrotið en 3,9 m útbreitt. Festingar fyrir geirungssög fylgja.

Tilboðsverð
**35.900** m/vsk.
Fullt verð 45.610



D27107TGS-F20
## VELTISÖG
Afl: 2000 W
Snúningshraði: 4000 sn./mín.
Blað: 305 mm
Mesti halli: 48°
Þyngd: 40 kg

Verð
**189.900** m/vsk.

PIPAR\TBWA • SÍA




**NÝ VERSLUN**
Skútuvogi 1, Reykjavík

**sími 575 0000**
Viðarhöfða 6, Reykjavík / Skútuvogi 1, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði

SINDRI

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Svipu beitt á þolendur brota



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Dæmi eru um að konur hafi verið „of seinar“ til að kæra kynferðisbrot gegn þeim vegna þess að neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítalanum hefur sett sér starfsreglur um að geyma ekki lífsýni og sönnunargögn nema í rétt rúma tvo mánuði. Upplýst var um þetta í Fréttablaðinu í gær og um leið að lögreglu hafi ekki verið kunnugt um þessa tilhögun.

Staðan hlýtur að teljast í meira lagi undarleg, sér í lagi þegar haft er í huga að fyrningartími alvarlegra brota er hér frá tveimur og upp í tíu og jafnvel fimmtán ár.

Og hvernig í ósköpunum má það vera að samtal milli neyðarmóttöku og lögreglu sé ekki meira en svo að lögreglan þekki ekki einu sinni verklagið hjá Landspítalanum við utanumhald sönnunargagna í ætluðum kynferðisbrotum? Í það minnsta er þetta ekki til þess að auka traust á verklaginu við rannsókn mála.

Örugglega er rétt sem Eyrún Björg Jónsdóttir, verkefnastýra neyðarmóttökunnar, segir í blaðinu að vænlegast til árangurs sé að kæra mál sem fyrst. En hvort í þeim tilgangi eigi að nota yfirvofandi eyðingu gagna sem svipu á þolendur er allt annað mál.

Um leið bendir hún á að neyðarmóttakan hafi ekki pláss til að geyma gögnin „út í hið óendanlega“.

Jóhanna María Sigmundsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks, gerði þessa stöðu mála að umtalsefni á Alþingi í gær og benti réttilega á að aðstaða neyðarmóttökunnar væri ekki boðleg fyrir jafn viðkvæman málaflokk og erfið mál og raun bæri vitni. „Neyðarmóttakan hefur aðstöðu í litlu herbergi á Landspítalanum í Fossvogi. Sönnunargögn og sýni, svo sem nærföt, eru sömuleiðis geymd í skáp í því herbergi,“ sagði hún og áréttaði um leið að vitanlega ætti ekki að eyða sönnunargögnum fyrr en að loknum fyrningarfresti.

Vel má taka undir með Jóhönnu Maríu þegar hún segir fulla ástæðu til að endurskoða regluverk varðandi geymslu sönnunargagna, því það eigi ekki að vera til að þrýsta á þolendur kynferðisafbrota til að kæra. „Þeir eiga að fá að taka ákvörðunina sjálfir og það er okkar að hafa til það lagaumhverfi og þá aðstöðu sem fólk þarf á að halda.“

Ekki verður öðru trúað en að í þessum málaflokki sé hægt að taka upp vinnulag þar sem réttur þolenda kynferðisafbrota er ekki fyrir borð borinn. Til dæmis má velta upp þeirri spurningu hvort lögreglan ætti ekki með réttu að geyma þessi gögn, enda eru þau til nota við hugsanlega glæparannsókn lögreglu og ekki geymd í læknisfræðilegum tilgangi.

Í öllu falli virðist þessi níu vikna tími óþarflega skammur og ætti ekki að vera úr vegi að koma upp geymslu fyrir sýni og gögn í ár hið minnsta. Þar fyrir utan mætti jafnvel koma á kerfi þar sem þolendur fá gögn sín afhent – og þá innsigluð – að þeim tíma liðnum og geti þá geymt þau í eigin frysti, þar til þeir hafa gert upp hug sinn að fullu varðandi hugsanlega kæru.

> **Hvernig í ósköpunum má það vera að samtal milli neyðarmóttöku og lögreglu sé ekki meira en svo að lögreglan þekki ekki einu sinni verklagið hjá Landspítalanum við utanumhald sönnunargagna í ætluðum kynferðisbrotum?**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Borgarsjóður í frjálsu falli**

**Gert er ráð fyrir að borgarsjóður verði rekinn með 13,4 milljarða króna halla. Kemur það ofan á 2,8 milljarða halla á síðasta ári. Hefur því núverandi borgarstjórn rekið borgarsjóð með rúmlega 16 milljarða halla frá því í maí árið 2014. Halldór Halldórsson gagnrýndi reksturinn harðlega í gær og sagði að ef um fyrirtæki væri að ræða væri búið að skipta um stjórn. Það er rétt hjá oddvitanum og grafalvarlegt að reka borgarsjóð með þessum árangri. Þýðir lítið að benda fingrum í átt að ríki eftir frekara fjárframlagi. Það þarf að stokka upp reksturinn.**

**Galeiðuþrælar krónu**

**„Eitt mesta böl sem við Íslendingar búum við þessi misserin er vaxtaokur bankanna,“ segir Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins. Í þingræðu í gær líkti hann íslenskri þjóð við galeiðuþræla sem róa sem mest þeir mega undir taktföstum slögum Seðlabanka Íslands. Svo spurði hann, eins og barn, hvað myndi gerast á Íslandi ef vaxtastig almennt myndi lækka um tvö til þrjú prósent? Það er líklega rétt að líkja íslenskri þjóð við galeiðuþræla. Hins vegar er hollt að spyrja hvers vegna við erum þrælar vaxtaokurs. Hvarflar að háttvirtum þingmanni að hlekkir íslenskrar þjóðar eru íslensk króna sem hneppir okkur í ánauð vaxtaokurs?** sveinn@frettabladid.is

## Hvað verður um RÚV?



Björg Eva Erlendsdóttir
núverandi stjórnarmaður og fv. stjórnarformaður RÚV

Óheilindi í ríkisstjórnarflokkunum og samkeppnisfjölmiðlum í garð Ríkisútvarpsins kristallast þessa daga í umræðum um svonefnda Eyþórsskýrslu mennta-málaráðherra. Í miðju umrótinu gengur út formaður stjórnar RÚV, Ingvi Hrafn Óskarsson, og ber við önnum á lögmannsstofu sinni. Morguninn eftir er uppsláttur Moggans að Ingvi Hrafn og aðrir stjórnendur RÚV hafi veitt þingnefnd rangar upplýsingar um tölvupóst frá fjármálaráðuneytinu.

Fréttin byggir á viðtali við Guðlaug Þór Þórðarson, varaformann fjárlaganefndar, og er árás á stjórnendur Ríkisútvarpsins. Stjórnendur RÚV töldu póst fjármálaráðuneytis staðfesta að með ráðstöfunum til að laga fjárhaginn hafi RÚV uppfyllt skilyrði fyrir 182 milljóna aukaframlagi. Þetta segir Guðlaugur Þór vera rangt.

Túlkun stjórnenda RÚV á tölvupóstum milli fjármálaráðuneytis og stjórnarformanns miðaðist við að verið væri að vinna með stjórnvöldum, en ekki gegn þeim, að lausn á vanda RÚV. Og vissulega voru stjórnvöld að vinna með Ríkisútvarpinu, í sameiginlegri nefnd með forsætis-, mennta- og fjármálaráðuneyti. Því er undarlegt að löngu síðar komi upp ný túlkun á efni tölvupósts frá í mars. Pósts sem einungis átti að staðfesta sameiginlegan skilning, eftir samvinnu. En þar virðist glæpur stjórnenda RÚV einmitt liggja. Að hafa unnið vinnu með árangri, meðan stjórnvöld og fjárveitingavaldið unnu gegn þeim, drógu mál á langinn, flæktu þau og affluttu.

Rekstur Ríkisútvarpsins hefur verið hallalaus síðasta árið. Þess er ekki getið í umræðum um skýrsluna. Skuldir lækka meira en í sögu félagsins, með lóðasölu og húsnæðisleigu. Starfsfólk er pínt áfram inn í vaxandi óvissu, aukið vinnuálag og pólitískt einelti. Skýrsla Eyþórs er sögð afhjúpandi, en hún afhjúpaði ekki annað en einbeittan pólitískan vilja höfunda til að leggja Ríkisútvarpið niður.

Stjórn Ríkisútvarpsins, vön ásökunum um að vera gagnslaus bitlingastjórn flokkanna, stóð saman gegn árás fjárveitingavaldsins á Ríkisútvarpið í fyrra. Í ár var upplýsingum haldið frá henni. Skýrsla Eyþórs var rýnd af öðrum fjölmiðlum, með almannatengslaráðgjafa, áður en stjórn RÚV sá hana. Framhaldið var á sömu leið. Er nema von að stjórnarformaðurinn snúi sér að uppbyggilegri verkefnum? En hvað verður um Ríkisútvarpið?

> **Skýrsla Eyþórs var rýnd af öðrum fjölmiðlum, með almannatengslaráðgjafa, áður en stjórn RÚV sá hana.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Í skerjagarðinum



Pétur Gunnarsson
rithöfundur

Útvarp allra landsmanna minnir um þessar mundir einna helst á skúturnar frönsku þegar þær hröktust í illviðrum of nærri landi í Suðursveitinni forðum tíð og fólk fylgdist í ofvæni með því af bæjarhellunni hvort fleyið myndi taka niðri og stranda með tilheyrandi kærkomnu góssi sem það gæti nýtt sér. Þá var um að ræða örsnauða bændur, nú fólk í fjölmiðlabraski sem munar í tekjustofna RÚV. Fyrir utan þá harðsnúnu, en fámennu, sveit sem dreymir um að múlbinda alla þjóðfélagsumræðu á Íslandi.

Og rökin eru þessi: „Það er ekkert sem ríkisútvarpið gerir sem einkareknir miðlar gætu ekki gert jafn vel eða betur.“

En þá vaknar spurningin: af hverju gera þeir það ekki? Hvar eru útvarpsþættirnir um sögu okkar og samtíð, tónlist, myndlist, sagnalist, viðtöl að ógleymdum upptökum af málþingum og fundum sem Ríkisútvarpið hefur verið svo ötult að taka upp og færa okkur heim í stofu?

Hitt er annað mál að auglýsingaáþjánin sem tröllríður sjónvarpshluta miðilsins er með öllu óboðleg (ég taldi þrjátíu auglýsingar á milli tveggja dagskrárliða síðastliðið laugardagskvöld). Ríkissjónvarpið hefur fyrir löngu sýnt og sannað að því er ekki treystandi fyrir auglýsingum, það verður að taka þann bikar frá því og tryggja stofnuninni framlög úr sameiginlegum sjóðum landsmanna sem dugi til rekstrarins.

**Óheillaspor**

Ég er sammála menntamálaráðherra núverandi um að það beri að afhlutafélagavæða stofnunina, þ.e. að afturkalla óheillaspor sem var stigið árið 2007 og snerist strax í skrípaleik. Hvers vegna getur stofnun á borð við útvarp allra landsmanna ekki horft til háskóla allra landsmanna um stjórnunarfyrirkomulag? Háskólasamfélagið kýs sér rektor sem hefur sér til halds og trausts ráð sem er í meginatriðum sett saman af þeim sem kenna og nema við skólann og hefur reynst með þeim ágætum að Háskóli Íslands er sú stofnun samfélagsins sem hvað mests trausts nýtur. Flokkspólitískir fingur ná þar engu gripi.

Að selja Ríkisútvarpið? Hvernig þá? Ríkisútvarpið varðveitir upptökur frá rúmlega 80 ára ferli í orðum, tónum og myndum – hver ætti að vera þess umkominn að henda þeim verðmætum á markað? Ekki frekar en hægt væri að sækja handritin inn á Árnastofnun og senda þau á uppboð (ég vona að ég sé ekki vekja neinar hugmyndir).

> Ríkissjónvarpið hefur fyrir löngu sýnt og sannað að því er ekki treystandi fyrir auglýsingum, það verður að taka þann bikar frá því og tryggja stofnuninni framlög úr sameiginlegum sjóðum landsmanna sem dugi til rekstrarins.

Björn Bjarnason, fyrrverandi menntamálaráðherra, nefndi í nýlegu bloggi að það hefði fjarað undan RÚV og þeir sem stæðu um það vörð væru aðallega þeir sem hefðu hag af því, beint eða óbeint. Ekki bendir margmennið sem sló skjaldborg um útvarpshúsið þegar atlagan var gerð að stofnuninni 28. nóvember 2013 til þess. Eða fjöldinn sem troðfyllti sal og anddyri Háskólabíós á baráttufundi 4. desember sama ár. Kannski að sá breiði fjöldi þurfi að bjóða fram í næstu alþingiskosningum til að freista þess að koma útvarpi allra landsmanna í örugga höfn? Í skjól fyrir öflum sem leynt og ljóst búa við þá þráhyggju að ganga af því dauðu.

# Að fá sér hálf-nýjan bíl



Svanur Sigurbjörnsson
læknir

> Raunverulegur sparnaður og þjóðhagkvæmni fæst með algerri endurnýjun og endurhugsun Landspítala háskólasjúkrahúss á besta stað. Það er tími fyrir nýtt.

Ég hef ákveðið að fá mér nýjan bíl því að 2007-módelið er farið að bila svo oft að það svarar ekki kostnaði að eiga hann og tímatapið sem ég verð fyrir vegna viðgerðanna er ómælt. Þar sem ég hef ekki efni á að fá mér alveg nýjan bíl ætla ég að fá mér hálfnýjan bíl þannig að framhlutinn verði nýr og lúkki vel út en afturhlutinn verði sá gamli áfram. Vinur minn hefur sagt mér að ég sé galinn að láta mér detta þetta í hug en fyrir utan minni fjárútlát get ég ekki hugsað mér að yfirgefa afturhlutann enda klassískt útlit 2007-árgangsins.

Þetta er nokkurn veginn það sem stefnt er að með því að reisa hálfnýjan Landspítala við Hringbraut. Hann myndi lúkka vel út að framan en drattast með meirihluta rúma sinna að aftan í úreltum húsakynnum. Fæðingardeildin yrði áfram í sínu gamla húsnæði í borholufjarlægð frá nýjum skurðdeildum. Öllu yrði klambrað saman með undirgöngum og ranghölum. Áfram þyrfti þungt viðhald húsnæðis og áfram yrði skortur á einangrunarrýmum.

**Engan afslátt**

Nýr spítali á ekki að vera hálfnýr því að það er ekki ákvörðun sem er tekin til næstu 50-70 ára eins og hún þarf að vera sé tekin full ábyrgð á framtakinu. Fyrir slíka ákvörðun þarf að hugsa stórtækt og gefa engan afslátt af því að byrja út frá bestu forsendum en ekki þeim hálf-bestu. Það er enginn sparnaður í því að spara $1/3$ af verði nýs spítala með hálf-lausn og súpa seyðið af dýru viðhaldi, óhagræði, umferðarteppum, skertum gæðum starfseminnar, áframhaldandi óánægju hluta starfsfólks og rýrum stækkunarmöguleikum. Miðbærinn er nú þegar að springa út af hótelum og uppbygging HÍ mun halda áfram og þurfa sitt pláss. Þó að LSH sé háskólasjúkrahús þarf spítalavinna ekki að fara fram í göngufæri við bóknám og kennslu verðandi heilbrigðisstétta.

Stærstu hagsmunamálin eru að það verði byggður alveg nýr spítali og aðgengi akandi umferðar sé eins og best verður á kosið. Afsláttur af þessum kröfum þýðir að hálf-nýr spítali verður úreltur á 20 árum og verður í raun aldrei boðlegur nema að hluta. Raunverulegur sparnaður og þjóðhagkvæmni fæst með algerri endurnýjun og endurhugsun Landspítala – háskólasjúkrahúss á besta stað. Það er tími fyrir nýtt.





Flug fyrir 2 með öllum notuðum Mercedes-Benz

Mercedes-Benz GLK er ríkulega búinn og einstaklega öflugur sportjeppi með mikla veghæð og dráttargetu upp á heil 2,4 tonn. Peir sem kaupa notaðan Mercedes-Benz í eigu Öskju í nóvember, að verðmæti 1,5 milljónir eða meira, fá **flug fyrir tvo með WOW Air** í kaupbæti og **vetrardekk** að auki. Allir notaðir Mercedes-Benz hjá okkur **hafa fengið þjónustuskoðun** fyrir veturinn.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

**GLK 220 4MATIC, árgerð 2012, ekinn 41 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.**

Dráttarbeisli, inniljósapakki, krómpakki, Parktronic, hiti í framsætum, skyggðar rúður, Offroad pakki o.fl.

**Verð 5.890.000 kr.**
**Afb./mán. 54.900 kr.***

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 72 mánuði. Vextir 9% og árleg hlutfallstala kostnaðar 10,73–10,79%

WOW air
Flug fyrir 2 til Kaupmannahafnar, Berlínar, London eða Dublin.

Klettháls 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • www.notadir.is.
Opið virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

# Opið í dag 10-22




VEXTIR 0%*

KAUPTU NÚNA

og dreifðu greiðslunni á 12 mánuði, vaxtalaust.*

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalausa greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, þ.e. afborgun ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

Nú 556 kr./stk.



Christmas

*Koparlitað hreindýr 8x11,5 cm. Tvær gerðir. 695 kr./stk. Nú 556 kr.*

Nú 10.396 kr.



Christmas-jólastjarna

*Snjóflinga jólastjarna. 64 cm. 12.995 kr. Nú 10.396 kr.*
*Mikið úrval af jólastjörnum. Pera og perustæði seld sér.*

Nú frá 1.036 kr.



Accoster

*Jólasveinn, grár. 36 cm. 1.295 kr. Nú 1.036 kr. 46 cm. 1.995 kr. Nú 1.596 kr.*
*100 cm. 7.995 kr. Nú 6.396 kr. Rauður. 26 cm. 795 kr. Nú 636 kr.*
*36 cm. 1.295 kr. Nú 1.036 kr. 100 cm. 7.995 kr. Nú 6.396 kr.*

Nú frá 1.495 kr./stk.



Christmas-skraut

*Svart eða koparlitað virskraut. 7 cm. 1.495 kr. Nú 1.196 kr. 9 cm. 1.995 kr. Nú 1.596 kr.*

# Dagskrá

## eftir kl. 18:30

Lifandi tónlist
fram eftir kvöldi.

Úrval smárétta, malt
og appelsín í boði
ILVA kaffi.

Vínkynning í boði
Karls K.Karlsson

**Valdís** verður á
staðnum frá kl. 16-22

Nú 396 kr./stk.



Christmas-kertaglas

*Svart kertaglas með mynd. 3 gerðir. 495 kr./stk. Nú 396 kr./stk.*

Nú 1.596 kr.



Christmas-aðventukerti

*Fjögur kerti í pokka, grá. 1.995 kr. Nú 1.596 kr.*



## Glaðningur frá ILVA

Fyrstu 100 sem
versla fá
veglegan
gjafapoka.

Nú frá 796 kr.



Christmas-viðarstjarna

*Stór. 100 cm. 1.395 kr. Nú 1.116 kr. Miðstærð. 60 cm. 1.195 kr. Nú 956 kr.*
*Lítil. 40 cm. 995 kr. Nú 796 kr.*




**NÝR BÆKLINGUR**

ÍNÓVEMBER

kaffi ILVA

Kalkúnabringa með kalkúnafyllingu,
steiktu rósakáli, rauðkáli og sósu.

1.395kr.



* gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði og vörum merktum "Everyday Low Price" Afsláttur reiknast á kassa.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 **www.ILVA.is**
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

shop online

# Er skáti og mæti alltaf tilbúinn



Róbert biður þolinmóður eftir tækifæri en samkeppnin er mikil hjá dýrasta handboltaliði sögunnar.

NORDICPHOTOS/GETTY

**Róbert Gunnarsson hefur mátt sætta sig við mikla bekkjarsetu hjá dýrasta handboltaliði sögunnar í vetur. Hann reynir að vera jákvæður þrátt fyrir mótlætið. Mikið hefur breyst hjá félaginu síðan hann kom.**



Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Róbert Gunnarsson var kátur og brosmildur á æfingu landsliðsins í gær. Hann segir alltaf gott að koma heim og svo finnst honum eflaust gott að breyta um umhverfi þar sem hann er ekki að spila mikinn handbolta með liði sínu PSG.

„Við segjumst alltaf vera glaðir að koma í landsliðið. Það stendur í öllum viðtölum síðustu 20 ár. Það var reyndar ekki alltaf gaman en það er það svo sannarlega núna,“ segir Róbert og hlær dátt.

Róbert spilar með dýrasta handboltaliði sögunnar enda hafa verið keyptir menn eins og Nikola Karabatic og Mikkel Hansen til félagsins. Það er valinn maður í hverju rúmi og reyndar fleiri en einn um hvert einasta rúm. Á því hefur Róbert fengið að kenna. Hann er að keppa við franska landsliðsmanninn Luka Karabatic og króatíska landsliðsmanninn Igor Vori á línunni um mínútur á gólfinu. Þær mínútur hafa ekki verið margar upp á síðkastið og stundum engar.

„Það gefur augaleið að þegar maður er atvinnumaður þá vill maður spila. Auðvitað vil ég spila meira en ég er ekki með neinn uppsteyt á æfingum. Ég mæti á æfingar, tek vel á því og er tilbúinn ef ég fæ að spila. Ég er skáti, alltaf tilbúinn. Það verður bara að sjá hvert það leiðir mig,“ segir Róbert en hann verður eðlilega ekki jafn kátur er hann talar um ástand sitt hjá félagsliðinu þessa dagana.

Þjálfari liðsins er hinn þrautreyndi Noka Serdarusic. Hann þjálfaði Kiel meðal annars í 15 ár áður en Alfreð Gíslason tók við af honum þar.

„Ég er ekki með sömu reynslu í handboltaskák og hann. Ég mæti því bara í vinnuna og reyni að gera mitt besta. Ég fékk að spila í horninu gegn Flensburg í Meistaradeildinni og hef fengið einhverjar mínútur í deildinni en ekkert meira. Ég er í toppstandi en staðan er eins og hún er. Maður verður bara að njóta þess að vera í borginni og gera það besta úr þessu,“ segir Róbert en hann hefur ekkert rætt sína stöðu við þjálfarann.

„Það er allur gangur á því hvað leikmenn gera í svona stöðu. Ég held að það sé svolítið íslenskt að halda bara áfram. Þjálfarinn spilar bara á þeim sem hann telur henta hverju sinni og maður verður bara að virða það. Þjálfarinn hefur alltaf rétt fyrir sér og ber ábyrgð á liðinu. Þeir sem spila sömu stöðu og ég spila bæði vörn og sókn á meðan ég spila bara sókn. Þjálfarinn vill engar varnarskiptingar og því er ekkert skrítið að hann spili frekar á hinum strákunum.“

Þó svo það sé hundfúlt að horfa á leiki af bekknum þá er ástandið þó ekki orðið þannig að Róbert hugsi sér til hreyfings. „Það er ekkert slíkt í gangi og ég held bara áfram.“

Róbert er á sínu fjórða ári með PSG og það hefur mikið breyst síðan Qatar Sports Investment keypti félagið og fór að dæla peningum bæði í fótboltann og handboltann.

„Þegar ég byrjaði hjá PSG þá voru tveir að vinna á skrifstofunni en núna er þetta orðið dýrasta handboltalið heims. Það er frábær umgjörð þarna og allt sem viðkemur liðinu er í hæsta klassa. Það er gaman að fá að upplifa þetta allt saman þó svo það séu blendnar tilfinningar þar sem ég vildi spila meira í dag,“ segir Róbert en ólíkt öðrum ofurliðum í handboltanum þá eru litlar líkur á því að þetta lið fari á hausinn. Í raun eru þær nánast engar.

„Eigendurnir eru að setja mikinn pening í fótboltann og handboltaliðið er bara dropi í hafið hjá þeim. Ég held að fótboltinn hafi úr 500 milljónum evra að spila en handboltinn 16 milljónum þó svo þetta sé dýrasta lið allra tíma. Þetta eru ótrúlegar tölur. Þetta er stórkostlegt fyrir okkur en það má spyrja sig hvort þessar 16 milljónir skipti þá einhverju máli.“ **henry@frettabladid.is**






Róbert er hér með Dananum Mikkel Hansen á leik fótboltaliðs PSG. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Zlatan hefur enn ekki látið sjá sig á leik hjá þeim

Bæði handbolta- og fótboltalið PSG er undir stjórn sömu manna. Handboltastrákarnir hafa verið duglegir að mæta á leiki hjá Zlatan Ibrahimovic og félögum í fótboltaliðinu en mæta þeir á handboltaleikina?

„Zlatan hefur ekki enn látið sjá sig en margir af fótboltastrákunum hafa komið á leik hjá okkur. Þetta er bara eins og hérna heima. Þetta er bara eins og Fylkir. Það er sami forseti og framkvæmdastjóri sem kemur jafnt á alla leiki hjá okkur og þeim. Það er sama starfsfólkið og öryggisverðir. Þetta er bara eitt batterí,“ segir Róbert, en skemmta leikmenn og fjölskyldur liðanna sér eitthvað saman? „Það er sameiginlegt jólaball alltaf til að mynda. Það mæta flestir á það þó svo það sé frjáls mæting. Það hafa líka verið sameiginlegar máltíðir og annað í þeim dúr. Þetta er eins og hjá íslensku félagi nema bara margfaldað í ansi háa tölu.“

---

**Olís-deild kvenna í körfubolta**

**Haukar - ÍBV 33-25**
**Markahæstar:** Maria Pereira 8, Ramune Pekarskyte 7/2, Ragnheiður Ragnarsd.6 - Drífa Þorvaldsd. 9/4, Telma Silva Amado 5.

Haukakonur unnu sinn sjöunda sigur í röð og tóku toppsætið af ÍBV en Eyjakonur steinlágu í öðrum leiknum í röð.

**Meistaradeildin**

**A-riðill**
**Real Madrid - PSG 1-0**
1-0 Nacho (35.).
**Shakhtar - Malmö 4-0**
Kári Árnason fékk dæmt á sig vítaspyrnu og var síðan rekinn af velli með tvö gul spjöld.
**Stig liða:** Real 10, PSG 7, Shakht. 3, Malmö 3.

**B-riðill**
**Man. United - CSKA 1-0**
1-0 Wayne Rooney (79.).
**PSV - Wolfsburg 2-0**
**Stig liða:** Utd 7, PSV 6, Wolfsburg 6, CSKA 4.

**C-riðill**
**Astana - Atlético Madrid 0-0**
**Benfica - Galatasaray 2-1**
**Stig liða:**Benfica 9, AM 7, Galat. 4, Ast. 2.

**D-riðill**
**Sevilla - Man. City 1-3**
0-1 Raheem Sterling (8.), 0-2 Fernandinho (11.), 1-2 Benoit Trémoulinas (25.), 1-3 Wilfried Bony (36.)
**Gladbach - Juventus 1-1**
**Stig liða:** Man. City 9, Juve 8, Sevilla 3, Gladb. 2. Manchester City er fyrsta liðið sem tryggir sér sæti í 16 liða úrslitunum.

### GRINDAVÍK, HAUKAR OG KEFLAVÍK FÁ TVO HEIMALEIKI

Það var dregið í sextán liða úrslit Powerade-bikars karla og kvenna í körfubolta í gær og það verða tveir Domino's-deildarslagir og þeir eru báðir hjá körlunum. Grindavík og Keflavík fengu bæði tvo heimaleiki, Keflavík mætir Val (karla) og Þór Ak. (kvenna) en Grindavík mætir Stjörnunni (karla) og Njarðvík (kvenna). Hinn úrvalsdeildarslagurinn er á milli Hattar og Þórs úr Þorlákshöfn. Haukar fengu líka tvo heimaleiki en báða hjá körlunum.

**16-liða kvenna:** Fjölnir-Haukar, Keflavík-Þór Ak., Snæfell-Breiðablik, KR-Skallagrímur og Grindavík-Njarðvík. Hamar, Valur og Stjarnan sitja hjá. **16-liða karla:** Höttur-Þór Þorl., Hamar-Njarðvík, Haukar(b)-KR, Haukar-Ármann, Grindavík-Stjarnan, Reynir-Njarðvík(b), Keflavík-Valur og Breiðablik-Skallagrímur.

### SYSTURNAR MÆTAST Í KVÖLD

Systurnar Helena og Guðbjörg Sverrisdætur mætast í kvöld í fyrsta sinn í efstu deild þegar Valur, lið Guðbjargar, tekur á móti toppliði Hauka á Hlíðarenda en leikurinn er í beinni á Stöð 2 Sport 6. Helena og Guðbjörg eru með hæsta framlagið í deildinni af íslenskum leikmönnum deildarinnar.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.05 | Valur - Haukar | Sport 6 |
| 19.15 | **Meistarad.kvöld** | Sport 4 |
| 19.30 | Chelsea - D. Kiev | Sport 3 |
| 19.30 | **Bayern - Arsenal** | **Sport** |
| 19.30 | Barcelona - BATE | Sport 5 |
| 19.30 | Roma - Leverkusen | Bravó |
| 21.45 | **Meistarad.mörkin** | **Sport** |
| 19.15 | **Valur - Haukar** | **Vodafoneh.** |
| 19.15 | **Grindavík - Snæfell** | Mustadh. |
| 19.15 | **Hamar - Stjarnan** | Hveragerði |




ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is


# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. nóvember 2015

43. tölublað | 9. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL


»2
**Teslur seldar fyrir 500 milljónir**
Sportbílar seljast vel og mikið er pantað af rafjeppum.

»4
**Mest aukning hjá þeim hæstu**
Ráðstöfunartekjur tekjuhæsta hópsins jukust um 11 prósent.

»8
**Svipmynd: Unnur Leifsdóttir**
Eftir 10 ára starf hafa Samtök vefiðnaðarins ráðið sér starfsmann.

»10
**Afríka líður fyrir vanda Kína**
Lars Christensen segir viðtæk áhrif af efnahagssamdrætti í Kína.

»12
**Hvernig RÚV viljum við?**
Stjórnarmaðurinn skrifar um nýja skýrslu um rekstur Ríkisútvarpsins.





## Starfsemin stóraukin á Íslandi

**Ár er liðið frá því að hugbúnaðarfyrirtækið Qlik keypti DataMarket. Fyrirtækið hefur „agressíf“ ráðningaráform á Íslandi.** »6


# Verk og vit 2016

Íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð
Laugardalshöll 3.–6. mars

**Opinn kynningarfundur fimmtudaginn 5. nóv. kl. 9 í Laugardalshöll.**

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á kynningarfundinn á **verkogvit@verkogvit.is** eigi síðar en þriðjudaginn 3. nóvember.

Nánari upplýsingar á **verkogvit.is**

PORT hönnun

## SKJÓÐAN

# RÚV getur ekki bæði sleppt og haldið

**SAMKVÆMT** svartri skýrslu er RÚV ohf. ekki sjálfbært félag. Félagið er mjög skuldsett m.a. vegna lífeyrisskuldbindinga sem fylgdu með í stofnefnahagsreikningi, dagskrár- og framleiðslukostnaður RÚV er nær tvöfaldur á við 365 miðla auk þess sem félagið hefur varið milljörðum í uppsetningu dreifikerfis, sem allt bendir til að sé úrelt. Þá verður ekki betur séð en að RÚV hafi blekkt Kauphöllina um rekstur félagsins, sem er alvarlegt mál.

**FRAMLAG RÍKISINS,** eða útvarpsgjaldið sem rennur til RÚV, nam rúmlega 3,3 milljörðum sem er næstum 25 prósentum hærri fjárhæð en útvarps- og sjónvarpssvið 365 miðla nær inn með áskriftartekjum fyrir allar sínar stöðvar. Auglýsingatekjur RÚV eru enn fremur næstum 50 prósentum hærri en auglýsingatekjur 365 miðla. Þrátt fyrir þetta skilar ljósvakarekstur 365 miðla nokkur hundruð milljóna rekstrarhagnaði á meðan tap er af rekstri RÚV.

**ALMANNAÞJÓNUSTUHLUTVERK** RÚV skýrir einhvern mun á rekstrarkostnaði en getur varla útskýrt að rekstrargjöld RÚV eru meira en helmingi hærri en rekstrargjöld 365 miðla. Hver er skýringin á því að hjá RÚV starfa 54 starfsmenn við fréttir og íþróttir á meðan 365 kemst af með 25 starfsmenn en heldur þó úti fullri fréttaumfjöllun og mun umfangsmeiri íþróttaumfjöllun en RÚV? Stjórnendur RÚV ákváðu að sjá sjálfir um sölu byggingarréttar á lóð félagsins í stað þess að leita eftir þjónustu sérhæfðra fasteignasala um verðmat og útboð. Þetta er ámælisvert þegar verið er að höndla með almannafé.

**ÁRIÐ 2013** var gerður fjögurra milljarða samningur við Vodafone um uppbyggingu dreifikerfis að undangengnu útboði. Nýja dreifikerfið býður ekki upp á gagnvirkni eða Internet. Kostnaðurinn hefði nýst í að ljúka ljósleiðaravæðingu landsins og lagt grunn að gagnvirku dreifikerfi með Interneti. Það verður því að setja spurningarmerki um það hvort stjórnendur RÚV eru starfi sínu vaxnir.

**RÚV** er eini ríkisfjölmiðillinn í Vestur-Evrópu sem bæði nýtur styrkja af almannafé og fær að keppa óheftur á auglýsingamarkaði. Þetta skekkir alvarlega samkeppnisstöðu einkarekinna ljósvakamiðla og er óþolandi, auk þess sem ólíklegt er að þetta samræmist skyldum Íslands samkvæmt EES.

**VILJI STJÓRNVÖLD** að RÚV starfi áfram verða þau að skilgreina hlutverk RÚV vandlega, taka það af auglýsingamarkaði og skikka stjórnendur þess til að halda sig innan ramma fjárheimilda. Það er ekki í boði að skuldhreinsa RÚV með því að ríkið yfirtaki lífeyrisskuldbindingar þess og RÚV njóti áfram milljarða framlags af almannafé og keppi auk þess óheft á auglýsingamarkaði.

Stjórnvöld verða að velja á milli þess annars vegar að RÚV verði rekið fyrir almannafé og hins vegar að það keppi á auglýsingamarkaði. Ekki verður bæði sleppt og haldið.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Stefán Karlsson**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is







Gísli Gíslason, framkvæmdastjóri Even, býst við því að sala á rafbílum muni halda áfram að aukast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hafa selt Teslur fyrir hálfan milljarð króna

**Búið er að selja sportbíla frá Tesla hér á landi fyrir um hálfan milljarð króna. Von á fimmtíu rafjeppum til landsins sem flesta er búið að forselja. Hver bíll kostar á milli tólf og átján milljónir króna. Vinsældir rafbíla aukast milli ára.**

Íslendingar hafa keypt rafmagnsknúna Tesla-sportbíla fyrir um hálfan milljarð króna þau þrjú ár sem bíllinn hefur verið í sölu hér á landi. Bílasalan Even sem flytur inn og selur Teslur hefur selt 44 slíka bíla að sögn Gísla Gíslasonar, framkvæmdastjóra Even, en hver bíll kostar á milli tólf og átján milljóna króna.

Þá segir Gísli að fyrirtækið hafi fengið pantanir í forsölu fyrir 36 lúxusrafjeppum frá Tesla sem nefnast Model X. Von er á þeim fyrstu til landsins í mars.

„Þetta er sjö manna jeppi sem er 3,2 sekúndur upp í hundraðið," segir Gísli. Hver bíll mun kosta frá 14 milljónum króna. Even hefur pantað 50 jeppa frá Tesla og Gísli á von á því að búið verði að selja hina 14 áður en þeir fyrstu koma til landsins. Búast má við því að söluandvirði Model X-bílanna fari yfir 700 milljónir króna og því verði búið að selja Teslur hér á landi fyrir yfir 1,2 milljarða króna á fjögurra ára tímabili.

Sala rafbíla hefur tekið kipp að undanförnu. Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að búið væri að selja ríflega tvöfalt fleiri nýja rafbíla það sem af er þessu ári en allt síðasta ár. Tölurnar eru þó enn lítið brot af heildarbílasölu, en búið var að selja 240 nýja rafbíla á þessu ári. Gísli bendir á að þróunin varðandi rafbílavæðingu sé hröð og svipi til þess sem gerst hefur í Noregi þar sem selst hafi sextíu þúsund rafbílar. „Þar hefur salan verið að tvöfaldast á hverju ári og hefur verið frá 2011 og við erum komin í sama línurit og þeir, salan er farin að tvöfaldast á milli ára. Þetta er alveg ótrúlegt," segir hann. **ingvar@frettabladid.is**

> **Þetta er sjö manna jeppi sem er 3,2 sekúndur upp í hundraðið.**
>
> Gísli Gíslason, framkvæmdastjóri Even

## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 4. nóvember**
**SEÐLABANKI ÍSLANDS** - Vaxtaákvörðunardagur og útgáfa Peningamála
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

**Fimmtudagur 5. nóvember**
**LANDSBANKINN HF.** - afkoma þriðja ársfjórðungs 2015
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Gistinætur og gestakomur á hótelum
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vöruskipti við útlönd í október 2015

**Föstudagur 6. nóvember**
**SJÓVÁ** - Uppgjör þriðja ársfjórðungs 2015.

**Mánudagur 9. nóvember**
**LÁNAMÁL RÍKISINS** - Mánaðarlegar markaðsupplýsingar

**Þriðjudagur 10. nóvember**
**VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS** - Hluthafafundur

vísir Allar markaðsupplýsingar

## Vikan sem leið

**873 MILLJÓNA KRÓNA** hagnaður varð af rekstri Símans eftir skatta á þriðja fjórðungi ársins en var við 1.200 milljónir á sama tímabili 2014. Tekjur á fjórðungnum námu 7,5 milljörðum króna samanborið við sjö milljarða á sama tímabili í fyrra.

**28 % HÆKKUN** varð á rekstrarhagnaði Nýherja á þriðja ársfjórðungi miðað við sama fjórðung í fyrra og nam hann 240 milljónum króna. Tekjur Nýherja námu þremur milljörðum á þriðja fjórðungi og hækkuðu um 18,6% á milli ára.

**4,4 % HÆKKUN** varð á markaðsvísitölu Gamma í október og nam meðaldagsveltan 10,7 milljörðum. Ríkistryggða vísitalan hækkaði um 2,5%, Vísitala fyrirtækjaskuldabréfa hækkaði um 1,7% og Hlutabréfavísitala GAMMA um 9,8%.

ENNEMM / SÍA / NM70779

Þjónusta við fyrirtæki




Við tökum ákvörðun:
**Að veita bestu bankaþjónustu á Íslandi** svo þú eigir auðveldara með að taka þínar ákvarðanir

Réttar ákvarðanir eru lykillinn að góðum árangri fyrirtækja. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í þær ákvarðanir sem þú stendur frammi fyrir í rekstrinum og þótt við þekkjum viðfangsefnin ekki jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu af þjónustu við fasteignafélög og verktaka og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greinunum. Þannig getum við veitt fyrirtækjum í þessum mikilvægu atvinnugreinum bankaþjónustu sem eflir reksturinn.

Þekking sprettur af áhuga.

Sváfnir Gíslason er viðskiptastjóri í fasteigna- og verktakateymi Íslandsbanka

The Banker

# Tekjuhæsta fólkið eykur mest við sig

Ráðstöfunartekjur hinna tekjuhæstu jukust mest allra í fyrra. Fjármagnstekjur þeirra jukust um 31% en drógust saman hjá öðrum.

Á síðasta ári jukust ráðstöfunartekjur tekjuhæstu Íslendinganna mest allra, en það eru þær tekjur sem eftir standa þegar búið er að greiða skatta.



Þórólfur Matthíasson

Til að vera meðal eins prósents tekjuhæstu Íslendinganna þurfa ráðstöfunartekjur framteljenda, það er hjóna, einstaklinga eða samskattaðs sambúðarfólks að nema 20,6 milljónum króna á ári sem er aukning um 9,6 prósent milli ára. Það er mesta hækkun allra tekjuflokka milli ára. Næstmest varð hækkunin meðal tíu prósenta tekjuhæstu framteljendanna sem hækkuðu um 6,8 prósent og þurfa árstekjur að nema 10,1 milljón króna.

Ráðstöfunartekjur tekjuhæstu tíu prósentanna jukust um 11,6 prósent milli ára en annarra tekjuhópa minna eða um fimm til sex prósent ef undanskilinn er allra lægsti tekjuhópurinn, sem að meðaltali hefur 320 þúsund krónur í árslaun og vinnur því ekki nema mjög lítinn hluta úr ári.

Sé rýnt í hvað er að baki tekjuaukningunni þá munar mest um aukningu fjármagnstekna hjá tekjuhæstu tíu prósentunum en þær aukast um 31 prósent milli ára en dragast saman hjá öllum öðrum. Atvinnutekjur þessa hóps aukast þó minna en annarra eða um fimm prósent samanborið við 8-12 prósent aukningu meðal hinna tekjulægri.

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, telur að þróunin þurfi ekki að koma á óvart. Hinir tekjuhæstu, sérstaklega atvinnurekendur, hagnist oft hraðar en aðrir í uppsveiflu. „Þeir fá tekjurnar af fyrirtækinu þegar búið er að borga öllum öðrum og þegar hagsveiflan fer að fara upp á við þá er það rekstrarafgangurinn sem eykst hratt og þess vegna ekki óeðlilegt að tekjur þeirra, sem eru með svoleiðis tekjur, vaxi hraðar," segir Þórólfur.

Þá bendir Þórólfur á að aðgerðir stjórnvalda hafi einnig áhrif á tekjudreifingu. „Í kjölfar hrunsins voru álögur á þá tekjumeiri auknar mjög mikið og núverandi ríkisstjórn hefur svona verið að draga sumt af því til baka.

Laun þeirra tekjulægstu og bætur og ýmislegt þess háttar hækkar hægar," bendir hagfræðiprófessorinn á. Hins vegar fari þróunin oft í hina áttina í niðursveiflu. Tekjur þeirra ríkustu, sem oft séu að stórum hluta fjáramagnstekjur, dragist mun hraðar saman en tekjur launafólks.

ingvar@frettabladid.is

## Ráðstöfunartekjur eftir tekjuhópum í milljónum króna

Heimild: Hagstofa Íslands

**Hve miklar ráðstöfunartekjur þarf að hafa á ári til að vera meðal 1%, 10%, 30%, 50% og 70% tekjuhæstu Íslendinganna. Hjón og samskattað sambúðarfólk eru talin sem einn aðili í tölunum. Ráðstöfunartekjur eru tekjur sem eftir standa þegar búið er að greiða skatta.**




Skipting Íslendinga í tekjuhópa ...

70% 50% 30% 10% 1%


# Byggingarreitur og atvinnuhúsnæði í 101

Byggingarreitur á Granda, samtals um 26.000 m² að stærð, er til sölu í einu lagi ásamt öllum þeim fasteignum sem á reitnum eru, samtals u.þ.b. 5.700 m². Eignirnar eru allar í útleigu. Töluvert byggingarmagn er heimilt á óbyggða hluta reitsins samkvæmt deiliskipulagi.

Staðsetning reitsins við Reykjavíkurhöfn er einstök og felast því gríðarleg tækifæri í uppbyggingu reitsins í takt við aukna starfsemi af fjölbreyttum toga á Grandanum.

GAMMA ráðgjöf (GAM Management ráðgjöf ehf.) hefur umsjón með söluferlinu en fasteignasala vegna sölunnar er Nýhöfn, Borgartúni 25 (Lárus Ómarsson, löggiltur fasteignasali).

Þeir aðilar sem óska nánari upplýsinga um söluferlið eða vilja fá tilboðseyðublöð afhent eða sækja um aðgang að gagnaherbergi skulu senda póst á netfangið radgjof@gammaradgjof.is. Skilyrði er að væntanlegir kaupendur geti sýnt fram á nægilegan fjárhagslegan styrkleika að mati seljanda.

**Undirrituð tilboð berist á sérstökum tilboðseyðublöðum fyrir kl. 16:00 þann 20. nóvember 2015 til GAMMA ráðgjafar, Garðastræti 37, merkt GRANDI, auk þess sem afrit af tilboði skal sent á ofangreint netfang fyrir lok frestsins. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er, hafna öllum tilboðum, eða hefja viðræður við aðila utan söluferlis án sérstaks rökstuðnings.**




GAMMA [Ráðgjöf]

# JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

**534 1020**

Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



Bergsveinn Ólafsson | Sigurður J. Sigurðsson | Helgi Már Karlsson | Magnús Kristinsson | Ólafur Jóhannsson | Helgi Bjarnason



## TIL SÖLU

**Rauðarárstígur 27, 105 Reykjavík**
Skrifstofuhúsnæði
Heil húseign
Stærð samtals 2179,5 fm.

Til sölu öll húseignin samtals 2.073,6 fm auk 105,9 fm. skjalageymslu og 21 bílastæði í bílageymsluhúsi. Húsið er fjórar hæðir í góðu ástandi og er allt í útleigu. Traustir leigjendur. Mjög góð eign á góðum stað með góðu aðgengi.



## TIL SÖLU

**Hlíðasmári 19, 201 Kópavogur**
Skrifstofuhúsnæði
1. hæð um 192,5 fm.
3. hæð um 896 fm.
4. hæð um 511 fm.

Um 1.407 fm. skrifstofuhúsnæði með sameign í lyftuhúsi á 3. og 4. hæð, auk 192,5 fm þjónusturýmis á jarðhæð. 3. og 4. hæð skiptast í nokkrar lokaðar skrifstofur og opin rými. Aðgengi að rúmgóðu eldhúsi, 2-3 skjalageymslur. Loftræst húsnæði að hluta. Ljósleiðari er í húsinu. Laust strax!



## TIL SÖLU

**Stórhöfði 21, 110 Reykjavík**
Skrifstofuhúsnæði
Stærð samtals um 625,5 fm.

Gott skrifstofuhúsnæði á tveimur hæðum samtals 625,5 fm. Húsnæðið skiptist í opin rými og lokaðar skrifstofur. (á 2. h. 416,7 fm og á 3. h. 208,8 fm). Húsnæðið er allt í útleigu.



## TIL SÖLU

**Hjallabrekka 1, 200 Kópavogur**
Skólahúsnæði á 2. hæð
Stærð samtals 864,4 fm.

Um er að ræða tvo eignarhluta (2 fastanúmer) Annars vegar 399,6 fm. og hins vegar 464,8 fm. skólahúsnæði á 2. hæð. Húsnæðið skiptist í móttöku, opin vinnurými, nokkrar skólastofur, 4 lokaðar skrifstofur, eldhús, geymslu og snyrtingar. Gott aðgengi beint inn frá götu. Leigusamningur er á eigninni út árið 2016.

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*

**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

# Óskað er eftir tilboðum í allar eignirnar saman eða hverja fyrir sig.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum tilboðum, án sérstaks rökstuðnings.

# Hyggjast ráða á öll tómu skrifborðin

**Ár er liðið frá því að hugbúnaðarfyrirtækið Qlik keypti DataMarket. Árið hefur farið í að samþætta fyrirtækin tvö. Nýjar skrifstofur voru opnaðar í Sóltúni í Reykjavík í síðustu viku. Til stendur að stórefla starfsemi fyrirtækisins á Íslandi og fjölga starfsfólki verulega.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Fæstir Íslendingar höfðu heyrt af sænska hugbúnaðarfyrirtækinu Qlik allt þar til að fréttir bárust af kaupum þess á íslenska fyrirtækinu Data Market fyrir ári. Kaupverðið nam 1,7 milljörðum íslenskra króna miðað við gengi dagsins í dag..

Qlik þróar hugbúnað þar sem markmiðið er að draga saman gögn á skipulegan hátt, greina þau rafrænt og skýra þau betur þannig að það nýtist fyrirtækjum eða stofnunum sem nota búnaðinn í rekstri. Fyrirtækið ætlar að efla starfsemi sína hér á landi. Einn liður í því var að opna nýjar skrifstofur í Sóltúni fyrir síðustu helgi. Markaðurinn ræddi við tvo af framkvæmdastjórum fyrirtækisins, þá Anthony Deighton, sem er tæknistjóri og framkvæmdastjóri vöruþróunar, og Mike Potter, framkvæmdastjóra hugbúnaðarþróunar, af því tilefni.

**Stofnað 1993**

Qlik var stofnað í Svíþjóð fyrir rúmum 20 árum, en höfuðstöðvar fyrirtækisins eru núna í Bandaríkjunum. Viðskiptavinirnir eru meira en 35 þúsund talsins um allan heim. „Þetta þýðir að við höfum mjög stór fyrirtæki í viðskiptum og líka mjög smá. Dæmi um mjög stóra viðskiptavini eru Citibank og Morgan Stanley, stórir bankar á Wall Street,“ segir Deighton. Dæmi um millistóra viðskiptavini eru tryggingafyrirtæki og spítalar víðs vegar um heiminn. Og svo eru litlir viðskiptavinir.

„Við erum með nokkra íslenska viðskiptavini líka. Til dæmis er símafyrirtækið Nova í viðskiptum við okkur. Fyrirtækið notar vöruna okkar til þess að skoða bókhaldið sitt. Notar hana til þess að taka betri ákvarðanir við útgáfu reikninga og hafa betra yfirlit yfir viðskiptavini og svo framvegis,“ bætir Deighton við.

*Þannig að þið hafið bæði opinberar stofnanir og einkafyrirtæki?*

„Já, menntastofnanir og fleira,“ segir Mike Potter. „Varðandi opinberar stofnanir þá byrjuðum við á þeirri þjónustu í Svíþjóð,“ bætir Deighton við og nefnir að lögreglan í Málmey noti hugbúnað frá Qlik til þess að skoða glæpatölfræði. „Og ég held að það hafi beinlínis hjálpað þeim að góma glæpamenn, með því að greina ákveðin mynstur í gögnunum. Það eru líka nokkrar bandarískar ríkisstofnanir sem vinna mikið með gögn og nota vöruna okkar. Ég get þó ekki sagt þér hverjar þær eru eða hvernig þær nota gögnin,“ segir Deighton.

*Notkun á vörunni einskorðast þá ekki endilega við bókhaldsgögn?.*

„Nei, þetta eru alls kyns gögn,“ segir Potter. Deighton bætir því við að fyrirtæki og stofnanir séu almennt að safna meira og meira af gögnum og sjá að það er hægt að gera sér mat úr þeim. „Þegar við vorum að opna hér nýju skrifstofuna þá fengum við viðskiptaráðherrann ykkar í heimsókn. Ég átti mjög gott spjall við hana um gögnin sem ráðuneytið safnar um íslensk fyrirtæki og hvernig mætti nýta þau samfara auknum viðskiptum og aukinni ferðamennsku. Í grunninn er það spurning um nýtingu á gögnunum,“ segir Deighton. Hann útilokar ekki að Qlik muni semja við íslenska



Deighton og Potter klipptu á borða þegar nýjar skrifstofur voru opnaðar í Sóltúni í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Við erum með nokkra íslenska viðskiptavini líka.**
> Anthony Deighton tæknistjóri og framkvæmdastjóri vöruþróunar



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**LANDVÆTTIR**

**Ferðafélag Íslands hleypir FÍ Landvættum af stokkunum á kynningarfundi í Mörkinni 6 í kvöld kl. 20. FÍ Landvættir er æfingaverkefni með það takmark að ljúka öllum fjórum þrautum Landvættanna sem eru Fossavatnsgangan, Bláalónsþrautin, Urriðavatnssundið og Jökulsárhlaupið.**








**BARCELONA** Horft yfir borgina frá Parc Güell eða Gaudi-garðinum.

# REYNIR AÐ FORÐAST TÚRISTAGILDRUR

**UPPÁHALDSBORGIN** *Maríanna Clara Lúthersdóttir leikur einn trúðinn í Sókratesi sem sýnt er á Litla sviði Borgarleikhússins um þessar mundir. Hennar uppáhaldsborg er Barcelona.*

**Hver er uppáhaldsborgin þín og af hverju?** Barcelona er held ég uppáhaldsborgin mín – hún er stórborg með fjölbreytilegt mannlíf, listir og menningu en samt er hraðinn og stemningin í henni eins og í miklu minni borg – sérstaklega ef maður forðast Römbluna og stærstu túristagildrurnar. Þá er veðrið ótalið, náttúran í kring og strendurnar. Ekki spillir heldur fyrir hvað Barcelona er barnvæn borg (það er í öllu falli kostur ef maður er með lítil börn).

**Hvernig eru heimamenn?** Heimamenn eru almennt almennilegir og gestrisnir þrátt fyrir allan túrismann. Þeir eru ekki svo stimamjúkir að manni finnist þeir eigi allt undir viðskiptum við mann (sem mér finnst alltaf frekar óþægilegt) heldur bara svona eðlilega kurteisir – svo maður alhæfi nú um heila borg þar sem býr og starfar alls konar fólk af öllum þjóðernum.

**Hversu oft hefur þú komið til Barcelona?** Ég fór fyrst til Barcelona með vinkonu minni í kringum tvítugt, svo með manninum mínum þegar við vorum nýbyrjuð saman, svo ófrísk að barninu mínu og svo fór öll fjölskyldan þangað saman síðasta sumar – það er því óhætt að segja að Barcelona hafi fylgt mér í gegnum ólík æviskeið en alltaf er jafn gaman að koma þangað.

**Hvernig er maturinn?** Maturinn er dásamlegur, bæði á matarmörkuðunum sem eru margir og fjölbreytilegir – og matarmenningin er dásamleg. Sérgrein Spánverja er að sjálfsögðu tapasréttirnir sem margir kannast við – smáréttir sem eru gjarnan snæddir fyrir

*Framhald á bls. 4* ▶



**LEIKKONA** Fyrir utan Sókrates leikur Maríanna skassið frú Prússólín í Línu Langsokki og æfir fyrir Mamma mia sem byrjar eftir áramótin. Hún er einnig í ritnefnd tímaritsins Börn og menning sem kemur út á næstu dögum.
















**ÍSLENSKIR GESTAFYRIRLESARAR** Íslensku landsliðsþjálfararnir Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson eru gestafyrirlesarar ráðstefnunnar í ár.

# RÁÐSTEFNA MEÐ BREIÐA SKÍRSKOTUN

**GLS KYNNIR** *Alþjóðlega leiðtogaráðstefnan Global Leadership Summit verður haldin í sjöunda sinn á Íslandi dagana 6.-7. nóvember. Ráðstefnan, sem verður haldin í Háskólabíói, er stærsta leiðtogaráðstefna í heimi og nýtur mikilla vinsælda. Meðal helstu fyrirlesarar í ár eru Brené Brown, Jim Collins og landsliðsþjálfararnir Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson.*

Global Leadership Summit (GLS) – ráðstefnan er haldin í Chicago í byrjun ágúst ár hvert og er varpað um gervihnött á svokölluðu videocast-formi til yfir 200 staða í Bandaríkjunum og Kanada. Hún er jafnframt tekin upp og sýnd á breiðtjaldi í 120 löndum um allan heim og eru þátttakendur alls um 260.000 talsins.

„Á ráðstefnunni í Háskólabíói verður allt efni með íslenskum skjátexta og er vandað til hljóð- og myndgæða. Íslenskir kynnar leiða þátttakendur í gegnum efni ráðstefnunnar og verkefnavinnu auk þess sem flutt verður lifandi tónlist á milli fyrirlestra," segir heimilislæknirinn Lárus Þór Jónsson sem situr í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar á Íslandi.

**HEIMSÞEKKTIR FYRIRLESARAR**

Margir heimsþekktir leiðtogar hafa haldið fyrirlestra á ráðstefnunni en þeir eiga það sameiginlegt að vera framúrskarandi á sínu sviði.

Meðal fyrirlesara í ár má nefna Brené Brown sem er þekkt fyrir einn vinsælasta fyrirlesturinn á TED „The Power of Vulnerability" og Jim Collins, heimsþekktan viðskiptahugsuð og höfund bókarinnar Good to great. Eins Horst Schulze, stofnanda Ritz-Carlton hótelsamstæðunnar, Liz Wiseman, forstjóra The Wiseman Group, Bill Hybels, upphafsmann GLS ráðstefnanna, og Brian Houston, stofnanda einnar stærstu kirkju í heimi. Sömuleiðis Ed Catmull, stofnanda Pixar, sem meðal annars hefur fært okkur myndirnar Toy Story og Cars.



**BRENÉ BROWN**



**JIM COLLINS**

„Þessu til viðbótar erum við alltaf með íslenska gestafyrirlesara og að þessu sinni eru það landsliðsþjálfararnir Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson en margir hafa eflaust áhuga á að heyra þá tjá sig um leiðtogahlutverkið í kjölfar undraverðs árangurs íslenska karlalandsliðsins í fótbolta," segir Lárus.

**LEITUN AÐ ÓDÝRARI RÁÐSTEFNU**

Þverfaglegur og þverkirkjulegur samstarfshópur stendur að baki ráðstefnunni hér á landi. „Ráðstefnan var upphaflega haldin til að auka leiðtogafærni innan kirkjunnar en síðan hefur hún opnast og hefur mun breiðari skírskotun í dag," segir Lárus, sem fór sjálfur á sína fyrstu GLS-ráðstefnu í Ósló árið 2007. „Ég hugsaði strax að þetta þyrftum við að fá til Íslands og var fyrsta ráðstefnan haldin hér á landi tveimur árum síðar."

Að sögn Lárusar eru tveir úr undirbúningsnefndinni sendir á ráðstefnuna í Chicago ár hvert til að fylgjast með og velja þá fyrirlestra sem fluttir eru hér á landi. „Það er leitun að ódýrari ráðstefnu í þessum gæðaflokki en almennt gjald er 14.500 en 9.900 fyrir lífeyrisþega, nema og fólk á atvinnuleysisbótum," upplýsir Lárus. „Þetta kemur til af því að fyrirlestrarnir eru teknir upp ytra svo ekki þarf að standa straum af kostnaði við flug og gistingu heldur gerir tæknin það að verkum að fólk um allan heim getur fengið aðgang að fyrirlestrunum í sinni heimabyggð."

Meginmarkmið ráðstefnunnar er að sögn Lárusar að opna augu Íslendinga fyrir mikilvægi þess að hafa skýra leiðtogasýn og nýta til þess hið besta sem völ er á úr leiðtogafræðum en lögð er mikil vinna í rannsóknir á þessu sviði. „Reynslan hefur sýnt að GLS leiðtogaráðstefnan nýtist fólki með mismunandi bakgrunn og ólík hlutverk s.s. í heimi viðskipta, kirkjustarfs, opinbera geirans og hvers konar félagsstarfs."

Allar nánari upplýsingar er að finna á gls.is en þar er jafnframt hægt að skrá sig til þátttöku.






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# THE GLOBAL LEADERSHIP SUMMIT

## GLS leiðtogaráðstefnan

## 6.-7. nóvember 2015

## Í Háskólabíói

**Allir hagnast þegar leiðtogi tekur framförum.** —Bill Hybels

**Hugsjón, hvatning og hagnýt færni á heimsmælikvarða sem bætir leiðtogahæfni þína þar sem þú ert.**

Ráðstefna fyrir leiðtoga í viðskiptum, stjórnmálum, menntamálum, kirkjustarfi, góðgerðarsamtökum eða í fjölskyldunni.

## Skráning á www.gls.is



**LIVE:**
**LARS LAGERBÄCK & HEIMIR HALLGRÍMSSON**
Þjálfarar karlalandsliðsins í knattspyrnu

**UMSAGNIR:**



„Hef fundið rauðan þráð í gegnum allt efnið - áskorun um stöðugar umbætur.“ *–Magnús Pálsson. Forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar og MBA náms HÍ*



„Þessi ráðstefna er vítamínsprauta: á hverju einasta ári læri ég eitthvað nýtt sem vonandi gerir mig að betri fagmanneskju.“ *–Guðbjörg Jóhannesdóttir. Sóknarprestur í Langholtskirkju.*



„Alþjóðleg ráðstefna sem enginn stjórnandi ætti að láta fram hjá sér fara. Mæli óhikað með henni.“ *–Sigurður Erlingsson. Fv. forstjóri Íbúðalánasjóðs.*



„Hér skipuleggjum við starfsdag og mætum öll á GLS. Frábært er að vísa í sameiginlega reynslu hópsins seinna meir. Við hlökkum til að koma á GLS!“ *–Frode Jakobsen. Skólastjóri Suðurhlíðarskóla*



**BILL HYBELS**
Stofnandi og prestur Willow Creek kirkjunnar



**HORST SCHULZE**
Stofnandi & fv. framkv.stj. Ritz-Carlton hótelsamstæðunnar



**JIM COLLINS**
Virtur viðskiptahugsuður; metsöluhöfundur (Good to great).



**BRIAN HOUSTON**
Stofnandi og prestur Hillsong kirkjunnar



**ED CATMULL**
Stofnandi Pixar Studios, framkv.stj. Walt Disney Animation Studios



**SHEILA HEEN**
Stofnandi Triad consulting group í lögfræðideild Harvard



**DR. BRENÉ BROWN**
Rannsóknarprófessor við Háskólann í Houston; Metsöluhöfundur



**LIZ WISEMAN**
Forseti The Wiseman Group; metsöluhöfundur



**CRAIG GROESCHEL**
Stofnandi og prestur LifeChurch.tv

Framhald af bls. 1

matinn en geta eins verið uppistaðan í máltíðinni. Þeir tapasréttir sem fást við Römbluna eru yfirleitt ekki mjög spennandi – en á góðum stöðum er þetta stórkostleg veisla fyrir bragðlaukana. Barcelona-búar borða kvöldmatinn yfirleitt frekar seint og sumir veitingastaðir eru opnir í hádeginu en loka svo síðdegis og opna jafnvel ekki aftur fyrr en eftir átta – mjög margir fara út að borða milli níu og ellefu og þá er öll fjölskyldan með – líka lítil börn sem hlaupa um og sofna svo bara í kerrunum sínum þegar þreytan yfirbugar þau. Það er því yfirleitt mjög þægilegt og auðvelt að fara út að borða með börn í Barcelona – nokkuð sem ég get ekki sagt um allar stórborgir Evrópu. En annars er líka mjög gaman að fara út að borða í hádeginu og þá bjóða veitingastaðir gjarna upp á „el Menu del Dia“ sem er þríréttaður hádegismatseðill – forréttur, aðalréttur og eftirréttur á mjög góðu verði.

**Áttu uppáhaldsveitingastað í borginni?** Ég á marga uppáhaldsveitingastaði í borginni. Auðvitað breytast gæði þeirra hratt en síðast þegar ég kom var t.d. Tantarantana afskaplega góður – frábær tapasréttastaður – þar má m.a. fá dásamlegan smokkfisk steiktan með sítrónu, litlu, grænu piparávextina steikta með salti og sérlega góðar patatas bravas. Ekki spillir umhverfið fyrir á Tantarantana en það er við göngugötu með fallegum trjám, markaði um helgar og skemmtilegum litlum róló fyrir krakkana en borgaryfirvöld eru einmitt sérfræðingar í því að henda upp rennibraut, rólum og einhverjum tækjum á




**MATARMARKAÐUR** Matarmenning Spánverja er rík og gaman að fara á matarmarkaði í Barcelona.



**PARC DE LA CIUTADELLA** Garðurinn Parc de la Ciutadella er dásamlegur að mati Maríönnu.

hverju einasta götuhorni liggur mér við að segja.

Svo má líka nefna Atril við Placa de st. Cugat og fleiri staði við það torg reyndar. Þá er Fred y Elsa við C. Sant Pere mes Alt líka góður – en í sannleika sagt eru flestir veitingastaðirnir í El Born-hverfinu mjög fínir.

**Hvernig er best að ferðast um borgina?** Í skemmtilegustu hverfunum er rakið að fara fótgangandi allra sinna ferða – ekki síst af því að þar er engin bílaumferð leyfð. Hins vegar getur verið ágætt að taka neðanjarðarlestina á milli hverfa – eða niður á strönd! Ef maður vill hins vegar komast á almennilega strönd tekur maður lestina til Sitges eða Montgat – ekki dýrt og stutt að fara fyrir hreinan sjó og fallegan sand.

**Viltu ljóstra upp um einhverjar leyndar perlur í borginni?** Það er ótrúlega margt skemmtilegt að gera í Barcelona – listasöfnin eru mjög skemmtileg – bæði þau sem helguð eru gömlum meisturum eins og Míró-safnið eða Picasso-safnið en ekki síður nýlistasafnið í El Raval-hverfinu. Rétt við El Born-hverfið er svo risastór garður sem hýsir meðal annars dýragarð Barcelona – ég er ekki mikið fyrir dýragarða sjálf en garðurinn umhverfis, Parc de la Ciutadella, er alveg dásamlegur. Leikvellir, gosbrunnar, vatn með bátaleigu, pallur þar sem hægt er að dansa og hljómsveitir spila stundum, borðtennisborð, risastór mammútur (þó ekki lifandi) og hitt og þetta – enda er mikið líf í garðinum frá morgni til kvölds – krakkar að leik, skokkarar, hópar sem æfa fimleika, dans eða tai chi, hassreykjandi bongótrommuhópar, fólk með matarveislur, hljómsveitir að æfa sig og bara fólk að rölta með hundana sína – þetta er þarna allt og meira til.

Undir stórum hluta Barcelona liggja svo ótrúlega heillegar rómverskar rústir og hægt er að fara í skoðunarferðir undir borgina – ganga um ævafornar gamlar götur undir sjálfri dómkirkjunni og sjá hvar var bakarí og hvar þvotta- og litunarverkstæði löngu fyrir Krist.

Að síðustu má nefna að Barcelona er þekkt fyrir fallegan arkitektúr. Hér ber auðvitað fyrstan að nefna hinn fræga Gaudi en verk hans er mjög gaman að skoða. Gaudi-garðurinn er skemmtiferð fyrir alla fjölskylduna en húsin sem hann hannaði, kirkjan Sagrada Familia og safnið sem helgað er honum eru líka vel ferðarinnar virði – Eixample-hverfið er svo allt hannað af módernistum um aldamótin 1900 og ótrúlega fallegt. Gamli miðbærinn (Gotneska hverfið og El Born) eru best varðveittu miðaldaborgarmyndir Evrópu og fyrrum sjómannaþorpið La Barceloneta er sérlega sjarmerandi og skemmtilegt.

**Áttu þér uppáhaldshverfi?** El Born (sem er alveg í miðbænum) og svo Gracía-hverfið (þangað er um 25 mínútna gangur frá miðbænum) eru uppáhaldshverfin mín. Miðaldabyggingastíllinn er ótrúlega upprunalegur, göturnar þröngar, hér og hvar glittir í leifarnar af gömlu borgarmúrunum, engin bílaumferð, allt fullt af litlum veitingastöðum og alls kyns sérverslunum. Mikið hefur verið rætt um að Barcelona eigi við sama vanda að etja og miðbær Reykjavíkur – að allt hafi orðið að víkja fyrir hótelum og lundabúðum – eða í tilfelli Barcelona – hótelum og búðum sem selja kastanettur og blævængi. Það er vissulega hægt að finna slíkt í kringum stóru göngugötuna Römbluna – en á móti koma öll hin litlu hverfin þar sem allt logar af lífi og fjölbreytileika.




ríkið um að ráðuneytin noti vöruna þeirra. „Við tækjum því auðvitað fagnandi,“ segir hann.

*Útskýrið fyrir mér tekjumódelið?*

„Við seljum hugbúnað. Þannig að mestar tekjur okkar koma af því að selja leyfi fyrir hugbúnaðinum. Í þeim skilningi eru þetta mjög hefðbundin viðskipti, með sölu á hugbúnaði og leyfum. Hluti af tekjunum, um það bil tíu prósent, koma af þjónustu við viðskiptavini. Við hjálpum þeim að setja upp hugbúnaðinn og laga hann rétt að þörfum þeirra,“ segir Deighton. Þá sé í auknum mæli horft á möguleika til þess að hýsa og keyra hugbúnaðinn í gegnum skýjalausnir. Þar leiki DataMarket stórt hlutverk.

**Gera ráð fyrir að vaxa áfram**

Qlik hefur vaxið hröðum skrefum undanfarin ár og er gert ráð fyrir enn frekari vexti á næstunni. „Ég gekk til liðs við Qlik í byrjun árs 2014 og stærð hugbúnaðarþróunarteymisins hefur meira en tvöfaldast á þessum tíma. Starfsemin í Reykjavík er hluti af hugbúnaðarþróunarteyminu og við erum með starfsemi á meira en sex stöðum í heiminum, bara fyrir hugbúnaðarþróun. Þetta er því búið að vera virkilega skemmtilegt,“ segir Potter.

Deighton bendir á að fyrirtækið hafi verið stofnað árið 1993 í Lundi í Svíþjóð. Á árunum 1993 til 1999 hafi þetta verið lítið fyrirtæki í Lundi. Allt til ársins 2005 hafi það vaxið sem sænskt hugbúnaðarfyrirtæki. Mest starfsemi hefur verið í Svíþjóð með verulegar tekjur. „Frá 2005 til 2010 byrjaði alþjóðleg stækkun og starfsemin fór að breiðast út til Bretlands, Þýskalands, Evrópusambandslandanna og Bandaríkjanna,“ segir Deighton. Fyrirtækið er með starfsemi í Asíulöndunum Japan, Kína og Singapúr. Að auki hafi fyrirtækið tekið upp samstarf við aðila í Ástralíu, Suður-Afríku, Ísrael og víðar. Í heildina sé fyrirtækið með skrifstofur í 23 löndum en varan hafi verið seld til meira en hundrað landa.

Árið 2010 var fyrirtækið komið með 100 milljónir dollara í árstekjur. Sama ár var það skráð í Nasdaq-hlutabréfavísitöluna á Wall Street. „Á þessu ári höfum við tilkynnt Wall Street að við munum verða með í kringum 600 milljónir dala í tekjur, kannski eitthvað hærra. Þannig að við höfum farið úr nánast engum tekjum árið 1999 í 600 milljónir árið 2015,“ segir Deighton. Það samsvarar 77 milljörðum króna. Starfsmenn fyrirtækisins eru 2.300. Þar af eru sextán á Íslandi.

*Hver var hugmyndin að baki kaupunum á Datamarket?*

„Við höfðum áhuga á Data Market af því að þeir eru miklir frumkvöðlar og starfsemi þeirra er góð viðbót við það sem Qlik gerir,“ segir Deighton. Munurinn á starfsemi Qlik og DataMarket er sá að hugbúnaðurinn frá Qlik gengur út á það að birta gögn myndrænt og hjálpa fólki að greina gögnin. Notandinn kemur gögnunum sjálfur í kerfið og það eru þá almennt gögn sem fyrirtækið útvegar sjálft. DataMarket safnar hins vegar gögnum úr ýmsum gagnalindum, mest frá aðilum eins og hagstofum, seðlabönkum, markaðsrannsóknarfyrirtækjum og slíku. Við kaupin á DataMarket breytist starfsemin þannig að Qlik er núna ekki bara að selja hugbúnað til að greina gögn heldur selur Qlik núna aðgang að hluta af gögnunum sem fyrirtækin þurfa til þess að gera greiningar.

*Þið eruð að opna nýjar skrifstofur hér í Reykjavík. En hefur það eitthvert gildi að reka skrifstofurnar hér?*

„Í fyrsta lagi þá gerir það okkur kleift að komast í tengsl við mjög hæfileikaríkt fólk hérna á Íslandi,“ segir Potter. Hann bætir því við að það sé gott fyrir alþjóðlegt fyrirtæki að hafa skrifstofu á Íslandi, mitt á milli Evrópu og Bandaríkjanna. Hann segir að lega landsins og húsnæðið sem var fundið undir starfsemina í Sóltúni 26 gefi möguleika á því að hér verði aðstaða þar sem menn geti hist og fundað í alþjóðlegu starfi fyrirtækisins.

**Ráða starfsfólk á næstunni**

Deighton segir það alveg ljóst að það verði fjárfest frekar í starfinu hér á Íslandi. „Við erum með mjög aggressíft ráðningarplan og hver sá sem er snjall og framsýnn frumkvöðull og vill vinna hjá vaxandi fyrirtæki ætti að kíkja á okkur.“ Þegar blaðamaður spyr hversu stórt fyrirtækið verði hér heima stendur ekki á svari hjá Potter: „Besta leiðin til að svara þeirri spurningu er að bjóða þér að ganga um skrifstofurnar og sjá öll tómu skrifborðin. Við ætlum að koma fólki fyrir við öll þessi skrifborð,“ segir Potter.

Eftir að samningar milli DataMarket og Qlik lágu fyrir sagði Hjálmar Gíslason, stofnandi DataMarket, að flóknasta ferlið hefði snúið að íslensku efnahagsumhverfi. Einkum vegna fjármagnshafta.

*Hvernig var að fjárfesta á Íslandi í höftum?*

„Það var áskorun. En í fyrsta lagi vorum við í góðum samskiptum við stjórnvöld. Þau hjálpuðu mjög mikið. Í öðru lagi snýst þetta um fjárfestingu í fólki. Hugbúnaðarbransinn er ekki fjárfrekur bransi. Við erum ekki að fjárfesta í stórum vélum eða öðru slíku. Við fjárfestum einfaldlega í fólki og það er það sem við sjáum hér,“ segir Deighton.

Qlik »»»» DataMarket

**1,7 milljarðar**
íslenskra króna var kaupverðið á DataMarket eða 13,5 milljónir dala.

**77 milljarðar**
Verða tekjur fyrirtækisins árið 2015.

**35 þúsund**
viðskiptavinir úti um allan heim.

**2.300 manns**
starfa hjá fyrirtækinu en 16 manns á Íslandi.

## Munur að fara úr fimmtán manna fyrirtæki í 2.300 manna

Hjálmar Gíslason, stofnandi DataMarket, segir að undanfarið ár hafi vinnan fyrst og fremst farið í að samþætta vöru DataMarket við vöruna frá Qlik og samþætta hana við vöruframboð og viðskiptamódel fyrirtækisins. Þá hafi mikill tími farið í að kenna söludeild Qlik á þennan nýja hugbúnað frá DataMarket. „Það er svolítið mikill munur að fara úr fimmtán manna fyrirtæki í sölu og yfir í það að vera í rúmlega 2.300 manna fyrirtæki í dag, þar sem eru mörg hundruð manns í því að markaðssetja og selja vöruna,“ segir Hjálmar.

Þá segir Hjálmar að mikill tími hafi farið í að samþætta fyrirtækin. Það hafi verið mikil vinna fyrir starfsmenn DataMarket að komast inn í vinnuferla Qlik, kerfin þeirra og þess háttar. „Þetta hefur verið heilmikil vinna og að mörgu leyti var opnunin á nýju skrifstofunni lokahnykkurinn í því. Þá erum við komin á sama standard eins og Qlik er með á öðrum skrifstofum varðandi vinnuumhverfi, tækni og uppsetningu. Og vel komin inn í ferlana líka,“ segir Hjálmar. Hann segir að heilt yfir hafi vinnan gengið vel. Það sem hafi komið á óvart hafi fremur komið jákvætt á óvart en neikvætt. Og fyrsta útgáfan af vörunni fór á markað í júní.

Hjálmar er ekki yfirmaður starfseminnar sem unnin er hér heldur vinnur hann með deildinni. Hann er núna framkvæmdastjóri gagna, sem er hluti af vörustjórnuninni, og hefur það hlutverk að koma öllum gögnum inn í kerfið. Ekki bara gögnum frá DataMarket heldur öllum gögnum.




RÚNAR PÁLMASON

## Fer í nýtt starf hjá bankanum



Rúnar Pálmason hefur tekið við starfi upplýsingafulltrúa Landsbankans. Rúnar var blaðamaður hjá Morgunblaðinu til þrettán ára, en tók við starfi vefritstjóra Landsbankans árið 2013. Hann mun starfa innan markaðs- og samskiptadeildar bankans og hafa umsjón með samskiptum við fjölmiðla.

Rúnar tók við starfinu af Kristjáni Kristjánssyni. – jhh

ÞORSTEINN MAGNÚSSON

## Tekur við af Ágústi Torfa



Þorsteinn Magnússon hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Icelandic Ný-Fisks í Sandgerði. Hann tekur við starfinu af Ágústi Torfa Haukssyni sem hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra Norðlenska.

Þorsteinn hefur starfað sem framkvæmdastjóri Storms Seafood í Hafnarfirði frá árinu 2013. – jhh




# Lét teikna gamla konu sem langaði að deyja

**Unnur Mjöll S. Leifsdóttir, nýr framkvæmdastjóri Samtaka vefiðnaðarins, vill fá fleiri konur í vefgeirann. Hún setti nýlega á fót útskriftarsýningu þar sem hún lét teikna mynd af konu eftir æskuminningu föður sín sem vildi að hún væri dauð.**

SVIPMYND

UNNUR MJÖLL S. LEIFSDÓTTIR

„Það vantar auðvitað að konur sæki í sig veðrið og fari meira inn í þennan geira,“ segir myndlistarkonan Unnur Mjöll S. Leifsdóttir sem var í síðustu viku ráðin framkvæmdastjóri Samtaka vefiðnaðarins (SVEF).

„Það er nóg af tækifærum og almennt séð eru þetta tiltölulega vel launuð störf,“ segir hún.

„Ég held að það hafi myndast menning fyrir því að þetta sé karllægur geiri en þetta er að þróast.“ Unnur bendir á að vefstjórar séu flestir konur og kynjahlutföllin hjá hönnuðum og markaðsfólki séu nokkuð jöfn. Einna helst sé það starf forritara sem enn sé að stærstum hluta mannað af körlum.

Unnur er fyrsti starfsmaðurinn sem SVEF ræður en samtökin voru stofnuð yfir bjórglasi af hópi vefara árið 2005. Síðan þá hafa þau m.a. staðið að Íslensku vefverðlaununum, fyrirlestraröðum og ráðstefnum um hin ýmsu vefmál.

Samtökin eru fagsamtök þeirra sem starfa að vefmálum hér á landi en félagsmenn eru nú um þrjú hundruð.

Unnur segir stefnt að því að fjölga félagsmönnum sem hún vonast eftir að verði úr sem fjölbreyttustum greinum vefiðnaðarins.

Hún segir að staða vefmála hér á landi sé almennt góð „Hagsmunamálin snúa að kjörum og tækifærum. Í rauninni má segja að Ísland sé mjög framarlega í vefmálum, hlutirnir gerast yfirleitt mjög hratt hérna sem er mjög gott.“

Hins vegar þurfi námsframboðið hér á landi að henta þörfum greinarinnar. „Það þarf að hugsa um jafnvægi þannig að skólarnir bjóði upp á nám á öllum sviðum, þá erum við að tala um forritun, bak- og framenda, vefhönnun og markaðsmál sem tengjast vefjum.“

Unnur hefur komið víða við en síðustu ár hefur hún unnið við uppsetningu listasýninga og framkvæmd ýmissa viðburða hjá Hafnarborg og Listasafni Reykjavíkur.

Í sumar setti hún upp útskriftarverkefnið sitt úr MFA-námi í School of Visual Arts í New York. Þar fékk hún rannsóknarlögreglumann og teiknara frá lögreglunni í New York til að teikna mynd eftir minningu föður síns um gamla konu sem hann hafði kynnst í sveit sem barn.



Unnur Mjöll S. Leifsdóttir vonast til að fleiri konur fari að forrita. MYND/SIGRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR

„Við hringdum heim í pabba sem lýsti þessari konu og rannsóknarlögreglumaðurinn teiknaði portrettmynd af henni. Þetta var kona sem var í kringum nírætt og pabbi var bara lítill strákur að vinna í sveitinni,“ segir Unnur. Konan hafi verið orðin þreytt á lífinu og andvarpað í sífellu. Þegar faðir hennar spurði hvers vegna hún væri að andvarpa hafi hún svarað: „Æ, já, ég vildi að ég væri dauð.“

Unnur segir list sína oft byggjast á gjörningum sem nýtist vel í hinu nýja starfi, til að mynda við skipulagningu viðburða og utanumhald um stór verkefni.

ingvar@frettabladid.is

> Það vantar auðvitað að konur sæki í sig veðrið og fari meira inn í þennan geira
>
> Unnur Mjöll S. Leifsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka vefiðnaðarins

# Truenorth hagnaðist um 75 milljónir

Framleiðslufyrirtækið Truenorth hagnaðist um 75 milljónir á síðasta ári, samkvæmt samandregnum ársreikningi sem nýlega var birtur í Ársreikningaskrá. Þetta er öllu meiri hagnaður en árið 2013 þegar hann nam tveimur milljónum. Helsta verkefni fyrirtækisins í fyrra var vinna við sjónvarpsþættina Sense8 sem Wachowski-systkinin gerðu. Hluti þáttanna var tekinn upp hér á landi.

Heildareignir Truenorth í lok síðasta árs námu 207,5 milljónum og hækkuðu milli ára. Eigið fé nam á sama tíma 119,9 milljónum, samanborið við 45 milljónir árið áður. Stjórn félagsins lagði til að hagnaður yrði færður til hækkunar á eigin fé félagsins.

**120**

**milljónir króna var eigið fé Truenorth um síðustu áramót.**

Handbært fé í árslok nam 60 milljónum króna og lækkaði um rúmar tuttugu milljónir milli ára. Sextán manns störfuðu hjá félaginu á tímabilinu og námu laun og launatengd gjöld tæpum 150 milljónum sem er tæplega 30 milljóna hækkun milli ára. – sg



Wachowski-systkinin gerðu þættina Sense8, en upptökur fóru að hluta til fram hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


Póst dreifing
Við látum það berast
ÞÚ NÆRÐ
TIL FJÖLDANS
MEÐ OKKUR
FJÖLPÓSTUR er sterkur og áhrifaríkur auglýsingamiðill
sem skilar ítarlegri upplýsingum til neytenda en
hefðbundnar auglýsingar.
61% LANDSMANNA LESA FJÖLPÓST
22% AF ÞEIM KAUPA AUGLÝSTA
VÖRU EÐA ÞJÓNUSTU
61%
22%
„Ég hef verið í viðskiptum við Póstdreifingu í árabil og alltaf fengið fyrsta flokks þjónustu."
Guðbjartur Finnbjörnsson
Ritstjóri Lifandi vísinda
VIÐ GETUM
AÐSTOÐAÐ VIÐ
AÐ NÁ ÁRANGRI
VIÐ DREIFUM INN
Á 80.000 HEIMILI
SEX DAGA
VIKUNNAR
www.postdreifing.is

Efnahagsmál



**Frosti Ólafsson**
framkvæmdastjóri
Viðskiptaráðs

# Míkadó í Herjólfi

Ég átti vin í barnæsku sem var snillingur í Míkadó. Fyrir þá sem ekki muna þá gengur leikurinn út á að draga ofvaxna tannstöngla úr tannstönglahrúgu án þess að skapa minnstu hreyfingu í hrúgunni. Kænska æskuvinarins fólst í því að tryggja hagfelldar ytri aðstæður. Öllum gluggum var lokað, grafarþögn átti að ríkja og spilað var á teppi. Leikurinn entist sjaldnast lengur en eina umferð.

Mikið hefur verið rætt og ritað um framleiðni á Íslandi. Í sinni einföldustu mynd gengur aukin framleiðni út á það að skapa meira með minna. Með þeim hætti má skapa meiri verðmæti sem mynda grundvöll bæði kaupmáttar og velferðar. Framleiðni hérlendis er lág. Mikil atvinnuþátttaka og margar vinnustundir gera Íslendingum þó kleift að jafna leikinn. Það breytir ekki þeirri staðreynd að til mikils væri að vinna með aukinni framleiðni. Ábatinn fælist í svigrúmi til fækkunar vinnustunda og aukningu kaupmáttar.

Ráðgjafarfyrirtækið McKinsey & Company benti á að stærstu tækifæri til aukinnar framleiðni á Íslandi lægju í þjónustugeiranum. Of margir starfa í innlendri þjónustu og of fáir starfa við útflutning. Margt má betur fara í þjónustugeiranum. Viðskiptaráð hefur bent á umfangsmikil tækifæri til aukinnar framleiðni í opinbera hluta hans. Þá eru jafnframt brotalamir í umgjörð einkageirans, einkum hvað varðar regluverk og eftirlit. Engin áskorun er þó stærri en þær hagsveiflur sem íslensk fyrirtæki búa við.

Ekki þarf að horfa langt aftur í tímann til að sjá hvernig þessi vandi brýst fram. Á þenslutímanum 2003 til 2008 fjölgaði störfum í innlenda þjónustugeiranum um ríflega 20 þúsund. Neysla var mikil, krónan var sterk og kaupmáttur hár. Yfir sama tímabil fækkaði störfum við útflutning. Þessi þróun snerist harkalega við í samdrættinum sem fylgdi árin á eftir. Þannig fækkaði störfum í innlendri þjónustu um 12 þúsund árin 2008 til 2014. Störfum í útflutningi fjölgaði hins vegar á sama tíma. Þessi sveifla endurspeglar ágætlega rekstrarskilyrði fyrirtækja á Íslandi.

Aukin framleiðni gengur út á fínstillingar. Að kreista fram aukna hagkvæmni í rekstri með öllum tiltækum leiðum. Þegar framleiðsluþættir eru á fleygiferð og jafnvægi ríkir sjaldnast lengur en nokkra mánuði í senn er ómögulegt að einbeita sér að fínstillingum. Mikilvægi efnahagslegs stöðugleika verður seint vanmetið. Ef Ísland ætlar að skipa sér í fremstu röð er því óhjákvæmilegt að endurskoða hagstjórn og verklag aðila vinnumarkaðarins. Það nær enginn árangri í Míkadó ef spilað er á parketi um borð í Herjólfi.

## Jólaljós á Oxfordstræti




**Það er orðið jólalegt um að litast á Oxford-stræti í Lundúnum. Í dag eru 50 dagar til jóla og margir farnir að huga að jólagjafakaupum nú þegar, jafnt erlendis og hérlendis.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Afríka verður illa úti vegna samdráttar í Kína



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Velgengnissaga sem sjaldan er sögð úr hinu hnattræna hagkerfi síðustu tuttugu ára hefur verið Afríka. Af þeim tuttugu hagkerfum sem vaxið hafa hraðast í heiminum síðustu tvo áratugi er helmingurinn í Afríku.

Mikilvægasti þátturinn í velgengni Afríku er sennilega sú staðreynd að lok kalda stríðsins, snemma á 10. áratug síðustu aldar, þýddu að stuðningi vesturveldanna og austurblokkarinnar við einræðisstjórnir í Afríku var hætt, og afleiðingin var sú að lýðræði – þótt ófullkomið sé – hefur smám saman breiðst út um Afríku og um leið meiri virðing fyrir réttarríkinu.

Annar mjög mikilvægur þáttur er skörp hækkun á hrávöruverði í heiminum sem átti sér stað frá því seint á 10. áratugnum og til 2008. Og þar sem mörg Afríkuríki eru hrávöruútflytjendur hafa þau hagnast gríðarlega á hækkandi olíuverði.

Hækkunin á hrávöruverði hefur að sjálfsögðu að miklu leyti verið afleiðing af mjög miklum hagvexti í Kína síðan snemma á 10. áratugnum. Þess vegna eru sterk tengsl á milli mikils kínversks hagvaxtar og hærra hrávöruverðs, sem aftur hefur stutt við hagvöxt í Afríku.

En það eru líka sterkari tengsl á milli Afríku og Kína – miklar beinar fjárfestingar Kínverja í Afríku.

En gæfan gæti verið á þrotum.

**Samdráttur í Kína slær á hagvöxt í Afríku**

Hægt hefur verulega á hagvexti í Kína á síðustu árum og það er ástæða til að ætla að samdrátturinn haldi áfram næstu áratugi þar sem Kína stendur frammi fyrir alvarlegum kerfislægum mótbyr, sérstaklega vegna mjög neikvæðrar mannfjöldaþróunar.

> **Hægt hefur verulega á hagvexti í Kína á síðustu árum og það er ástæða til að ætla að samdrátturinn haldi áfram næstu áratugi þar sem Kína stendur frammi fyrir alvarlegum kerfislægum mótbyr.**

Þetta eru ekki góðar fréttir fyrir Afríku. Annars vegar hefur hrávöruverð hrapað samfara samdrættinum í Kína og hins vegar hefur komið fram aukinn þrýstingur á beinar fjárfestingar Kínverja í Afríku. Þannig hafa fjárfestingar Kínverja, samkvæmt mati sumra, minnkað um allt að 85% á þessu ári.

„Kínverska áfallið“ hefur komið fram bæði á fjármálamörkuðum – þar sem gjaldmiðlar Afríku hafa veikst verulega á þessu ári – og í samdrætti hagvaxtar í Afríku.

Svo með samdrætti í Kína er meðbyrinn að breytast í mótvind fyrir Afríku og það hefur ekki aðeins áhrif á markaði og hagvöxt heldur er líklegt að það hafi neikvæð pólitísk áhrif. Þegar þrengir að hagvexti er því líklegt að við sjáum aukin vandamál í ríkisfjármálum um alla Afríku og því fylgir aukin efnahagsleg óvissa og getur auðveldlega aukið pólitíska spennu í mörgum af viðkvæmustu lýðræðisríkjum Afríku.

Niðurstaðan: Afríka hefur verið velgengnissaga sem sjaldan er sögð, en nú kunnum við að standa á krossgötum þar sem auðveldir kostir eru ekki lengur í boði. Að því sögðu: Mörg ríki Afríku hafa gert raunverulegar endurbætur á síðustu tíu til fimmtán árum og vonandi gerir það þeim kleift að komast í gegnum þrengingarnar þegar samdrátturinn heldur áfram í Kína.

# Að vinna bug á eigin fordómum

Hin hliðin



**Þórunn Jónsdóttir**
ráðgjafi og verkefnastjóri

Frá og með mánudeginum, 2. nóvember, vinna konur í Evrópu launalaust til áramóta, eða næstu 59 dagana ef tekið er tillit til 16,3% launamunar kynjanna í álfunni. Á Spáni byrjuðu konur að vinna launalaust fyrir tólf dögum og á Íslandi hefst launalausa tímabilið þann 20. nóvember, eftir því hvaða hluta skýrslu um launamun kynjanna horft er til. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vakti athygli á þessu á Evrópska jafnlaunadeginum 2015, sem haldinn var í gær.

Nú eru liðin 100 ár síðan konur fengu kosningarétt. Það er óskiljanlegt að við séum enn þá að berjast við kerfisbundinn launamun, sama á hvaða tölu er horft. Allar tölur yfir núlli eru of háar. UN Women og fleiri benda í því samhengi á að ef fram heldur sem horfir þá muni það taka okkur 70 ár að ná fullu jafnrétti kynjanna. Þetta hefur margoft komið fram á jafnréttisráðstefnum hér á landi og erlendis.

Það er frábært að halda ráðstefnur til að vekja athygli á kerfisbundnu misrétti. En ég verð að viðurkenna að ég er orðin þreytt á þessu endalausa tali og mig er farið að þyrsta í aðgerðir. Það er ekki nóg að hittast til að ræða nýjustu tölfræðina og bíða eftir því að stjórnvöld taki í taumana. Hvað getum við sem einstaklingar gert?

Jafnrétti er sameiginlegt mannréttinda-, samfélags- og efnahagsmál. Kynjamisrétti er aðför að lýðræðinu. Það kemur skýrt fram í 65. gr. stjórnarskrár okkar. Þegar við mismunum á grundvelli kynferðis brjótum við gegn stjórnarskrárvörðum réttindum samborgara okkar.

Að horfast í augu við eigin kynjafordóma, sama hvaða kyn þú upplifir þig eða gagnvart hvaða kyni þeir birtast, tel ég vera eitt mikilvægasta skrefið í átt að jafnrétti. Að dæma konur fyrst út frá útliti og síðan út frá afrekum er algeng birtingarmynd fordóma. Að útiloka karlmenn frá jafnréttisumræðu er önnur. Til að útrýma kerfisbundnu misrétti þurfum við að útrýma persónubundnum fordómum. Við þurfum að hefja opinskátt og hreinskiptið samtal um eigin fordóma og mæta hvert öðru án dómhörku. Jafnvel þó við upplifum okkur fordómalaus, getum við þá ekki alltaf gert betur?



Hjördís E. Þorkelsdóttir
Áður sjúkraliði á Hrafnistu.
Nú ritari á meinafræðideild
Landspítalans.
MEÐ TROMP Á
HENDI FRÁ VIRK
Þegar einstaklingur missir starfsgetu vegna slyss eða veikinda snýr VIRK spilinu við með markvissri uppbyggingu og sérfræði- stuðningi. Fjölbreyttur hópur fagaðila um allt land vinnur að árangursríkri starfsendur- hæfingu sem skilar sterkum einstaklingum aftur út á vinnumarkaðinn.
VIRK
Starfsendurhæfingarsjóður
Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík, sími 535 5700
www.virk.is
Hjördís E. Þorkelsdóttir
Hjördís var í líkamlega erfiðri vinnu og bjó við krefjandi fjölskylduaðstæður. Hún kiknaði undan álagi og sökk í þunglyndi en nýtti sér stuðning VIRK með góðum árangri.

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 4. nóvember 2015

FTSE 100
6.374,25 12,45
(0,20%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Svör óskast um RÚV

**Viðbrögð** við RÚV-skýrslunni svokölluðu hafa verið fyrirsjáanleg og borið vott um þá flokkadrætti sem einkenna þjóðfélagsumræðuna.

**Lítið** hefur farið fyrir efnislegri umræðu um skýrsluna. Þess í stað hefur allt snúist um upphrópanir, þar sem skýrslan er annaðhvort árás gegn RÚV skipulögð af pólitískum andstæðingum eða RÚV ónýtt apparat sem leggja á niður.

**Sannleikurinn** er væntanlega einhvers staðar þarna á milli.

**Margir** hafa fallið í þá gryfju að gagnrýna skipan nefndarinnar en þar átti meðal annars sæti Eyþór Arnalds, yfirlýstur sjálfstæðismaður. Í hugum andstæðinga skýrslunnar var þetta augljóst merki um að niðurstaðan hefði verið pöntuð og átt að koma RÚV illa. Þetta sama fólk virðist þó ekki velta því fyrir sér að í nefndinni sátu einnig óháðir sérfræðingar frá fjármálaráðuneytinu annars vegar, og endurskoðandi frá KPMG hins vegar.

**Ekki** er upplýst hvaða hagsmuni þetta fólk hefur af því að draga upp dökka mynd af RÚV, en fólk ætti ef til vill að hugsa sig um tvisvar áður en það dregur faglegt heilindi þess í efa.

**Sömuleiðis** hefur verið gagnrýnt að rekstur RÚV hafi verið borinn saman við stærsta einkarekna fjölmiðil landsins, 365 miðla. Einkum á þeim grundvelli annars vegar að tölurnar hafi komið frá forstjóra 365, og hins vegar að ekki sé um sanngjarnan samanburð að ræða í ljósi „almannaþjónustuhlutverks“ RÚV. Aftur er þarna verið að saka fólk um faglegt óheilindi, og umræðan rugluð með vísan í óskilgreint hugtak sem hver túlkar eftir eigin höfði.

**Skýrslan** sjálf er vel unnin og áhugavert innlegg í umræðuna. Því er miður að fleiri hafi ekki orðið við bón menntamálaráðherra um að fara í boltann en ekki manninn.

**Niðurstaðan** er hins vegar skýr. RÚV ber sig ekki í núverandi mynd, og þarf annaðhvort að auka tekjustofna eða skera niður þjónustu og yfirbyggingu. Fyrirliggjandi sparnaðaráætlanir eru hvorki fastar í hendi né líklegar til að leysa vandann til framtíðar.

**Er** því ekki rakið að efna til umræðu um hlutverk og tilvist RÚV til framtíðar? Er öryggishlutverk stofnunarinnar úrelt, og betur sinnt af einkaaðilum? Á RÚV að hætta auglýsingasölu? Er eðlilegt að RÚV teygi sig út fyrir hefðbundið hlutverk sitt og spreyti sig á nýmiðlum á borð við vefsíður eða streymisþjónustu? Svona mætti áfram halda.

**Spurningin** er ekki bara hvort við eigum að halda áfram að dæla peningum í RÚV, heldur einnig hvers konar RÚV við viljum fá fyrir peningana okkar.


UMHVERFIÐ
HREINT
ÁSTRÍÐA
ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## 20 MILLJARÐAR KRÓNA Í UNDIRMÁLSLÁN Í IRVING Í TEXAS

Skopos Financial, sem veitir ökutækjalán og er með höfuðstöðvar í Irving í Texas, er að undirbúa útgáfu á 154 milljóna dala skuldabréfavafningi, eða sem samsvarar um 20 milljörðum króna. Í umfjöllun IFS greiningar kemur fram að um 75% lántaka hafi ekki persónulegt lánshæfi, og önnur 14% eru með lánshæfiseinkunn undir 600.

## 19 LÓÐUM ÚTHLUTAÐ TIL BYGGINGA Í ÚLFARSÁRDAL

Sala byggingaréttar í Úlfarsárdal tók mikinn kipp í nýliðnum mánuði en alls úthlutaði borgarráð 19 lóðum með byggingarétti fyrir 48 íbúðir. Langflestar lóðirnar sem voru seldar eru fyrir rað- og parhús. Eftir þessa úthlutunarhrinu eru eftir ein parhúsalóð og 51 einbýlishúsalóð í Úlfarsárdal, sem og 28 einbýlishúsalóðir í Reynisvatnsási.

## 29.10. 2015

Það sem ég hef að segja um Icesave-málið er þetta. Ég held að báðar þjóðir líti svo á að það sé að baki í samskiptum okkar og við getum núna horft fram á við og talað um þá hluti sem við ættum að gera saman. Við erum með mjög sterk viðskiptatengsl, sterk tengsl á sviði ferðamennsku með alla bresku ferðamennina sem eru að koma hingað í fegurðina og njóta landsins.



David Cameron, forsætisráðherra Breta




## BÍLAR & FARARTÆKI


BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949




Kia Ceed LX 1.4 CW Diesel 5/2015 ek.27þús. Beinskiptur. TILBOÐSVERÐ 2.880.000.- Rnr.287779



Nissan Leaf Tekna 4/2014 ek.19þús. Sjálfskiptur. Bakkmyndavél. Ásett verð 3.490.000.- Rnr.287826




VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.



Mazda 6 Optimum Diesel 5/2014 ek.24þús. Sjálfskiptur. Bose hljómkerfi. Hlaðinn aukabúnaði. Ásett verð 5.390.000.- Rnr.311504



Kia Sportage Ex 4WD Diesel 1/2015 ek.46þús. Sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 5.390.000.- Rnr 151283

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**


100 bílar.is
bílasala




Range Rover Vouge V8 Disel, 3/2007, ek 194 þús km, Umboðsbíll, Litur mjög vel út , Allur nýyfirfarinn hjá Eðalbílum , Ásett verð 5990 þús, Tilboðsverð 4990 þús. Raðnr 141675, Er á staðnum



Hyundai IX35 Comfort, 5/2014, ek 59 þús km , sjsk , ásett verð 4790 þús, tilboðsverð 4190 þús er á staðnum raðnr 220308.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.**
**www.100bilar.is**


bilaborg.is
Sími 517-1111




M.BENZ S 500 4matic long. Árgerð 1/2005, ekinn 85 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.000.000. Rnr.132545. Glæsilegur bíll. Uppl 696-1001



M.BENZ M ml 63 amg. Árgerð 5/2008, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.134023. Glæsilegur bíll með öllu. Uppl 696-1001



M.BENZ S 450 4matic metan bensin. Árgerð 2010, ekinn 94 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 9.890.000. Rnr.133112.+ Glæsilegur bíll. Bíll með öllu. Uppl síma 696-1001

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**


ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR




MERCEDES-BENZ CLA 250 4matic amg line. Árgerð 2014, ekinn 26 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 8.290.000. Rnr.161505.



Kia cee'd EX world cup edition. Árgerð 2014, ekinn 10 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.260168. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**



BMW X5 xdrive30d 3.0d e70 30d. Árgerð 2012, ekinn 80 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.890.000. Rnr.991374.



AUDI A4 avant. Árgerð 2013, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.590.000. Rnr.210580.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**




**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**


567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN




VW Caddy. Árgerð 2014, ekinn 35 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.750.7 Manna Rnr.330365.



BMW X5 4,8is. Árgerð 2005, ekinn 170 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 2.490.Ásett verð 3.890Rnr.114814.



TOYOTA Land cruiser 150 "35". Árgerð 2012, ekinn aðeins 54 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.490.Gull fallegur og velmeð farinn Rnr.210990.



ISUZU D max "35". Árgerð 2007, ekinn 140 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Tilboð 2.450. Ásett verð 2.790. Rnr.210861.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**


HÖFÐABÍLAR
... bar sem bílar seljast




AUDI Q7 Quattro. Árgerð 2012, ekinn 49 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.980.000. Rnr.210200.



HYUNDAI I10 gl. Árgerð 2012, ekinn 98 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.090.000. Rnr.110427.



SUZUKI Swift. Árgerð 2012, ekinn 112 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.640.000. Rnr.210150.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

### Bílar til sölu



Mercedes Benz ML-420 CDI 4matic 2007 árgerð ekinn 121 þús. Vel viðhaldinn bíll með mikið af aukabúnaði t.d loftpúðafjöðrun, lyklalaust aðgengi, leðuráklæði, sóllúga, skyggðar rúður og rafdrifin afturhleri. Verð 6.190 þ.kr. Uppl. í s. 893-4122

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
**Má þarfnast lagfæringa.**
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar


568 5000
NS
NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN


Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Lyftarar




### Hjólbarðar


VAKA




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir




### Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF.**
**BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

### Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**ÁRATUGA REYNSLA**
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

### Hreingerningar


Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46


Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaflutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss, uppslátt og fl. Áratuga reynsla. S. 867 7753

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Þarf að skipta um rennur, glerja eða opnanleg fög? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Spádómar

**SPÁSÍMI 908 6116**
Ástir, fjármál og heilsa. Einkatímar í s. 823 6393 Sirrý.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 902 1020**
Spámiðlun heilun. Sjöfn spámiðill og heilari. Geymið auglýsinguna.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## KEYPT & SELT

### Til sölu

4 hvítar innihurðir til sölu. Uppl. í s. 553 2171

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**
**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þig, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**ÍBÚÐ TIL LEIGU. LANGTÍMALEIGA.**
Ný íbúð á Klukkuvöllum1, Hafnarfirði.
108, 2 m2 auk 7,7 m2 geymslu í kjallara. Stórar svalir. Mjög vönduð íbúð. Leigist einungis góðum, traustum leigjendum. Leiguverð 180 þús.á mánuði. Leigist til eins árs í senn, en stefnt að lengri tíma.
**Allar upplýsingar í síma 776 4100**

3herb. útsýnisíbúð í 108. 200þ á mánuði. 400þ í tryggingu. S: 7844638

### Húsnæði óskast

Óska eftir herbergi til leigu í Vesturbænum, má vera í gamla verkó með aðgang að þvottavél og sturtu. Get greitt 50-55þús per mán. Uppl. í s. 618 3804 Dóra

Íbúð eða húsnæði óskast til leigu í Þorlákshöfn eða nágrenni. Einhvern tímann fyrir áramót. Upplýsingar í síma 6996762 eða Hreinverk.is -Tómas

### Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR -VINNUSTOFUR**
Nokkur 20 - 46 m2 rými laus eða að losna í snyrtilegu húsnæði. Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

### Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

### Atvinna í boði

BJÖRGUN

**TÆKJAMAÐUR ÓSKAST.**
Björgun ehf óskar eftir að ráða tækjamann á hjólaskóflu. Upplýsingar í síma 8435611

**CAFÉ ROSENBERG**
Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslustörf. Íslensku kunnátta skilyrði.
**Café Rosenberg S. 551 2442 & Þórður 862 2492**

Massage parlor wants to find an employee that can massage. Salary negotiable. The parlor is also for rent. Phone 7797935

### Atvinna í boði

BÆJAR BAKARÍ

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480

Óska eftir röskri og vandvirkri að þrífa 3ja herb. íbúð. Uppl. í s. 588 6221

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

### Einkamál




Makaskipti? Swinging? Þríhyrningasr? Cuckold? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Allar upplýsingar hér: Makaskipti.eu

Skyndikynni á símatorgi. 100% leynd. RaudaTorgid.is

**ÍSLENDINGAR.EU**
Ertu í makaleit? Langar þig á stefnumót? Ertu með frjálslynda hugsun? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Líttu við! Islendingar.eu

ALLT FASTEIGNIR

## FASTEIGNASALI

**Allt fasteignir – fasteignasala óskar eftir löggiltum fasteignasala eða aðila með góða reynslu af fasteignaviðskiptum.**

Alfarið árangurstengd laun. Hátt skiptihlutfall.

**Allar nánari upplýsingar veitir Þorbjörn Pálsson löggiltur fasteignasali í síma 898-1233.**

## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Maríubakki 22 - 2ja herbergja íbúð.

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg 68,4 fm. íbúð á 2. hæð að meðtaldri 4,8 fm. geymslu í snyrtilegu fjölbýli við Maríubakka í Breiðholti. Suðursvalir út af stofu. Nýleg innrétting í eldhúsi. Búið er að klæða húsið að utan með Steni klæðningu. Frábær staðsetning þar sem Mjóddin er í göngufæri. **Verð 23,9 millj. Íbúð merkt 0201. Verið velkomin.**

### Vesturgata 5 - Tvær íbúðir.

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




**• EFRI HÆÐ OG RIS.**
Mjög falleg efri hæð og ris í gömlu virðulegu timburhúsi (byggt 1897) við Vesturgötu. Íbúðin að innan og húsið að utan var allt endurnýjað fyrir um 20 árum síðan og eru í góðu ástandi. Sérbílastæði á lóð hússins fylgir eigninni. Skv. fyrirliggjandi teikningum er gert ráð fyrir svölum til vesturs. **Verð 33,9 millj.**
**• NEÐRI HÆÐ.**
Virkilega falleg 2ja herbergja um 60,0 fm íbúð. Íbúðin að innan og húsið að utan var allt endurnýjað fyrir um 20 árum síðan og eru í góðu ástandi. Skv. fyrirliggjandi teikningum er gert ráð fyrir svölum til vesturs. **Verð 27,9 millj.**

## Víðimelur 32 Reykjavík - heildareignin



Um er að ræða alls c.a. 300 fm. íbúðarhúsnæði sem skiptist í parhús, bakhús og bílskúr. Í húsnæðinu eru fjórar íbúðir. Í parhúsinu er þriggja herbergja íbúð í kjallara, þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð og þriggja herbergja íbúð á annarri hæð. Í bakhúsi er tveggja herbergja íbúð á jarðhæð. Allar íbúðirnar eru í útleigu.Bilskúrinn er notaður sem geymsla. **Verðhugmynd 110 millj. kr.** **Nánari upplýsingar veitir Brynjólfur Jónsson hagfræðingur og lögg. fasteignasali í síma 511-1555 og 898-9791.**

**FBJ Fasteignasala Brynjólfs Jónssonar Sími 511 1555**

**Opið hús** 5. nóv kl. 17:30 - 18:00




**Engihlíð 7** 105 Reykjavík

Tvær íbúðir sem auðvelt er að sameina í eina. Sjö svefnherbergi, tvískipt stofa og skemmtilegir möguleikar til breytinga. Frábær staðsetning. Verið velkomin á opið hús.

Hæð og ris | 9 herb
168 fm | **58.900.000.-kr**
897 1533 | david@fr.is

## Dysnes í Hörgársveit
## Tillaga að deiliskipulagi

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum þann 29. október 2015 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir hafnar-, athafna- og iðnaðarsvæði á Dysnesi skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og fylgir henni umhverfisskýrsla.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu athafna- og iðnaðarsvæðis auk hafnar og hafnsækinnar starfsemi. Aðkoma að svæðinu er frá Bakkavegi og liggur safngata fyrir miðju svæði niður að hafnarbakka. Gert er ráð fyrir um 16,5 ha landfyllingu með viðlegukanti fyrir stór skip og athafnasvæði hafnar með fjölbreyttum og sveigjanlegum nýtingarmöguleikum.

Tillagan mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá 4. nóvember 2015 til og með 16. desember 2015. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu Hörgársveitar á **www.horgarsveit.is**. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er þannig gefinn kostur á að kynna sér tillöguna og gera athugasemd við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla, 601 Akureyri, eða á netfangið **snorri@horgarsveit.is** í síðasta lagi þann 16. desember 2015

*Sveitarstjóri Hörgársveitar*

## Verkefnalýsing til undirbúnings deiliskipulagsgerðar til kynningar

### Þríhnúkagígur. Deiliskipulag. Skipulagslýsing.

Vakin er athygli á því að nú stendur yfir í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, kynning á skipulagslýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir Þríhnúkágíg og nágrenni hans. Í lýsingunni koma m.a. fram áherslur bæjaryfirvalda við deiliskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli, matslýsingu svo og um kynningu og samráð.

Ofangreind verkefnalýsing er til kynningar á skipulags- og byggingardeild Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00 og á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna. Athugasemdir eða ábendingar við lýsinguna skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á tölvupóstfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar er mánudaginn 30. nóvember 2015.

*Skipulagsstjóri Kópavogs*

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Heitir dagar

## Fyrir heimilin í landinu

### Stílfögur eldhústæki frá AEG sem gera gott eldhús betra

**22%** afsláttur af öllum AEG ofnum



**2 LÍNAN**

BE2000001-M

Fjölkerfa blástursofn án rafeindaklukku. Er sérstaklega einfaldur í notkun og umgengni. Litur: Stál.
**Íslensk notendahandbók.**

Rétt verð kr: 89.900,-
**Heitir dagar: 70.120,-**



**3 LÍNAN**

BE3002401-M

Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með innbyggðum kjöthitamæli. Litur: Stál og hvítur.
**Íslensk notendahandbók.**

Rétt verð kr: 109.900,-
**Heitir dagar: 85.720,-**



**5 LÍNAN**

BE5304401-M

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hraðhitakerfi. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með sjálfhreinsibúnaði. Litur: Stál, hvítur og svartur.
**Íslensk notendahandbók.**

Rétt verð kr: 139.900,-
**Heitir dagar: 109.120,-**



**8 LÍNAN**

BS831410S-M

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og sjálfhreinsikerfi. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Litur: Stál.
**Íslensk notendahandbók.**

Rétt verð kr: 219.900,-
**Heitir dagar: 171.520,-**

## 22% afsláttur af öllum AEG helluborðum

HK634000XB



**SÉRTILBOÐ**
á þessu vinsæla 57 cm helluborði með stálkanti.

Verð áður kr. 89.900

**Verð nú kr. 69.900,-**

## 30-40% afsláttur af öllum háfum frá Airforce




### Eyjuháfar · Veggháfar

Gott úrval af Airforce vegghháfum og eyjuháfum, sem eru annálaðir fyrir glæsilega hönnun og mikil gæði.
Nokkrir háfana eru uppsettir hjá okkur, svo sjón er sögu ríkari.

ormsson.is

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opið virka daga kl. 10-18 og á laugardögum kl. 11-15.

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og tvíburasystir,

**Ása Karen Ásgeirsdóttir**

Vatnsstíg 21,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 27. október. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 5. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin.

**Kristín Jóhannesdóttir** **Sigurður Rúnar Sveinmarsson**
**Jón Ásgeir Jóhannesson** **Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir**
**Ása Karen, Gunnhildur, Anton Felix, Berglind, Stefán Franz**
**Anna Guðlaug Ásgeirsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Geirþrúður Stefánsdóttir**

Skólabraut 5, Seltjarnarnesi,

lést laugardaginn 31. október.
Útförin fer fram frá Neskirkju,
mánudaginn 9. nóvember kl. 13.00.

**Guðni Garðarsson**
**Birgir Aðalsteinsson** **Birna Aspar**
**Guðrún Aðalsteinsdóttir** **Guðbrandur Sævar Karlsson**
**Stefán Aðalsteinsson** **Sigríður S. Helgadóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Kristinn Björnsson**

fv. forstjóri,
Fjólugötu 1,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut 31. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 10. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Minningarsjóð Landspítalans njóta þess.

**Sólveig Pétursdóttir**
**Pétur Gylfi Kristinsson**
**Emilía Sjöfn Kristinsdóttir**
**Björn H. Kristinsson** **Herborg Harpa Ingvarsdóttir**
**Inga Bríet, Kristinn Tjörvi, Einar Ísak og Markús Bragi**



✝

Kær móðir okkar,

**Friðrika Jónsdóttir**

fyrrum húsfreyja
á Þverá í Dalsmynni,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 30. október.
Útför hennar fer fram frá Laufáskirkju
laugardaginn 7. nóvember kl. 13.30.

**Helga Arnheiður,**
**Arnór,**
**Hólmfríður og**
**Ragna Erlingsbörn**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**Ævar Agnarsson**

lést 29. október.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
fimmtudaginn 12. nóvember kl. 13.00.

**Sólveig Hólmarsdóttir**
**Elís Helgi Ævarsson** **Guðbjörg Krista Cesars**
**Elínborg Jenný Ævarsdóttir**
**Ólöf Jóna Ævarsdóttir** **Steinar Þór Daníelsson**
**Lára Kristjánsdóttir**
**Arnika Clausen Ómarsdóttir**
**systkini, barnabörn og barnabarnabörn.**



**„Það gefur augaleið að ég er í skemmtilegu starfi,“ segir Össur Geirsson, stjórnandi Skólahljómsveitar Kópavogs.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslenskar dægurflugur og eitt krefjandi verk

**Um hundrað og fimmtíu hljóðfæraleikarar koma fram á hausttónleikum Skólahljómsveitar Kópavogs í Háskólabíói í kvöld og leika aðallega létt lög. Stjórnandi er Össur Geirsson.**

Lög eins og Draumur um Nínu, Bláu augun þín, Tvær stjörnur og Dimmar rósir eru á dagskrá Skólahljómsveitar Kópavogs á tónleikum í Háskólabíói í kvöld. „Við erum alltaf með stóra tónleika haust og vor og oft með létt þema á hausttónleikunum. Núna höfum við íslenska tónlist sem leiðarljós og spilum mörg dægurlög,“ segir Össur Geirsson, stjórnandi sveitarinnar. Eitt verkið er þó af öðrum toga. Það er Suite Arktica II sem Páll Pampichler Pálsson samdi fyrir íslenskar skólalúðrasveitir árið 2001 og var frumflutt á hljómsveitamóti í Reykjanesbæ það ár. Viku seinna var Skólahljómsveit Kópavogs á ferðalagi í Graz í Austurríki, heimabæ Páls og bauð honum á tónleika, það var í fyrsta skipti sem hann heyrði verkið flutt og var voða kátur, að sögn Össurar. „Við tökum það upp núna því krakkarnir þurfa líka svolítið krefjandi verk að vinna með, þó að við höfum léttmeti í fyrirrúmi. Þannig fá líka flestir áheyrendur eitthvað við sitt hæfi.“

Skólahljómsveit Kópavogs er tónlistarskóli og þeir 150 nemendur sem spila í kvöld eru ekki allir á sviðinu í einu, heldur er skipt í þrjár hljómsveitir eftir aldri og getu. „Börnin þurfa að ná ákveðnum prófum til að sanna getu sína og komast upp í næsta hóp. Sveitin er grunnskólastofnun þannig að krakkarnir hætta í kennslustundum hjá okkur eftir 10. bekk en mörgum finnst svo gaman að þeir halda áfram að spila með hljómsveitinni þó þeir fari í aðra tónlistarskóla,“ útskýrir Össur.

Í nær 50 ára sögu Skólahljómsveitar Kópavogs eru aðeins tveir stjórnendur svo þeir eru augljóslega ekki síður ánægðir en krakkarnir. Össur kveðst hafa byrjað árið 1993. „Þú hefur kannski fylgst með því að launin eru ekkert til að hrópa húrra fyrir,“ segir hann. „Það gefur því augaleið að ég er í skemmtilegu starfi.“

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 19.30. Aðgangseyrir er 1.300 fyrir 16 ára og eldri en ókeypis fyrir börn 15 ára og yngri. **gun@frettabladid.is**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**Anna Sigríður Gunnlaugsdóttir**

lést á dvalarheimilinu Dalbæ, Dalvík, föstudaginn 30. október. Útförin verður frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 7. nóvember kl. 13.30. Jarðsett verður að Völlum í Svarfaðardal.

**Guðrún Stefánsdóttir** **Finnur Magnússon**
**Jóhanna Jónsdóttir** **Guðni Guðbergsson**
**barnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, dóttir og systir,

**Rebecca Louise Engilbertsson**

lést á Valley Care Medical Center
í Pleasanton, California,
föstudaginn 23 . október.
Minningarathöfn fer fram í Seljakirkju
fimmtudaginn 5. nóvember kl. 13.00.

**Guðmundur Már Engilbertsson**



✝

Ástkær bróðir okkar og frændi,

**Ólafur Anders Kjartansson**

bóndi frá Pálmholti
í Arnarneshreppi,

andaðist á dvalarheimilinu Grenilundi
á Grenivík föstudaginn 30. október
síðastliðinn.

**Elín Guðrún Kjartansdóttir** **Guðrún Þóra Kjartansdóttir**
**systkinabörn hins látna og fjölskyldur.**



✝

Faðir okkar, afi og bróðir,

**Sigurður Gísli Lúðvígsson**

tannlæknir,

andaðist þann 29. október síðastliðinn á hjartadeild Landspítalans. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 7. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Fyrir hönd annarra ættingja og vina,**
**Móeiður Anna Sigurðardóttir**
**Kjartan Davíð Sigurðsson**
**Adam Marksson Bell** **Daníel Marksson Bell**
**Margrét Lúðvígsdóttir**

**NÝTT**
M/KARAMELLUKURLI
OG ÍSLENSKU SJÁVARSALTI




... svo gott

**Einstakt bragð sem þú verður að prófa!**

Ómótstæðilegt Síríus Rjómasúkkulaði, blandað stökkri karamellu og ljúffengum sjávarsaltflögum frá Norðursalti.

Quality Cocoa for a Better Life

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Víðáttumikil lægð suðvestur af landinu mun stýra veðrinu hjá okkur næstu daga. Fer að bæta í vind þegar líður á daginn. Seint í kvöld má gera ráð fyrir austan 8-15 m/s og rigningu sunnantil á landinu. Hiti yfirleitt 1 til 6 stig.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 3° | 4° |
| ↖15 | ←11 | ←9 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 6° | 8° | 3° |
| ↖12 | ←12 | ↖16 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 5° | 4° |
| ↖8 | ↖7 | ↑3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 6° | 8° | 2° |
| ↖5 | ←5 | ↑4 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. skarð
6. frá
8. líkamspartur
9. hvíld
11. ónefndur
12. hroki
14. fjöldi
16. munni
17. soðningur
18. fum
20. í röð
21. hljómsveit

**LÓÐRÉTT**
1. tak
3. skammstöfun
4. húsbrot,
5. stjórnarumdæmi
7. fjarsýnn
10. verkur
13. raus
15. innyfli
16. margsinnis
19. golfáhald



**LÁRÉTT:** **2.** geil, **6.** af, **8.** hné, **9.** lot, **11.** nn, **12.** dramb, **14.** skari, **16.** op, **17.** soð, **18.** fát, **20.** tu, **21.** tríó.
**LÓÐRÉTT:** **1.** hald, **3.** eh, **4.** innbrot, **5.** lén, **7.** forspár, **10.** tak, **13.** mas, **15.** iður, **16.** oft, **19.** tí.

### Skák Gunnar Björnsson

Mueller átti leik gegn Mertes í Thalheim árið 1990.

**Svartur á leik**

**1. … Hxg2! 2. Hxg2 Dxh3+** og hvítur gafst upp enda mát eftir **3. Hh2 Dxf3+**.
Á laugardaginn munu eldri skákmenn (65+) kljást á svarthvítum reitum í Strandabergi í Hafnarfirði.
**www.skak.is:** Allt um HM ungmenna.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | | 4 | | 1 | | 9 | 7 |
| | 7 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| | 2 | 6 | 1 | 3 | | 9 | 8 | |
| 9 | | | 7 | | | | 6 | |
| | 1 | 8 | | | | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| | | | 8 | | | 7 | 4 | |
| 1 | | | 6 | 2 | 4 | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | | | | 8 | | 5 | |
| | | | 5 | | | | | |
| | 9 | 1 | | 7 | 3 | | | |
| | | | | | | 5 | | |
| 8 | 4 | 3 | | | 5 | | | |
| 9 | 6 | | 7 | 2 | | | 1 | |
| 2 | | | | 9 | | | 3 | |
| | | 8 | 6 | | | 9 | | 2 |
| | 5 | | 4 | | | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 8 | | | 9 | 1 | |
| | | 1 | 6 | | | | 4 | 3 |
| | 5 | | | 2 | | 6 | | |
| 4 | | 6 | | | | | | 9 |
| | 9 | | | 4 | | | | |
| | | | 9 | 3 | | | 5 | |
| | 4 | | | 5 | 7 | | 8 | |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 6 | 3 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 7 |
| 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 | 4 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 5 | 6 | 4 | 9 |
| 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 | 5 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 2 | 1 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 4 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 8 |
| 7 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |
| 6 | 7 | 8 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 | 1 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 7 | 8 | 6 | 4 | 5 |
| 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 1 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |




## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






## Leynist merkilegur vinningur í pakkanum?

*Aldís er mætt í heimilispakkningum. Stútfull af ljúffengum, lífrænum ávöxtum. Ef spýta með mynstri leynist í pakkanum færð þú glaðning. Ef hún er merkt færð þú ísveislu – en Óskaskrín fullt af snyrtingu og dekri ef hún er með ☆.*











# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

## 4. NÓVEMBER 2015

### Tónlist

**Hvað?** Airwaves off-venue í Mengi
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Mengi
Í tilefni Airwaves-hátíðarinnar mun Mengi bjóða upp á utandagskrárveislu. Í kvöld ætlar nýjasti listamaðurinn á vegum Bedroom Community-útgáfunnar, bandaríska tónskáldið, slagverksleikarinn og söngvarinn Jodie Landau, að koma fram ásamt tónskáldinu Liam Byrne og Valgeiri Sigurðssyni, tónskáldi, hljóðmeistara og stofnanda Bedroom Community-útgáfunnar.

**Hvað?** Femdome
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Kaffi Sólon
Mikið verður um dýrðir á Sólon í dag, en dagskrá hefst klukkan 15.00 og fer síðasta atriði á svið klukkan 20.00. Listamenn sem koma fram eru Moon Bow, Olena, Næmi, Thorunn Antonia, Kælan mikla og Tanya&Marlon.

**Hvað?** Sálumessa eftir Fauré
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Neskirkja
Í dag er dánardagur Gabriels Fauré og mun Kór Neskirkju flytja verkin Requiem og Cantique de Jean Racine, Op. 11. í tilefni þess. Einnig verða flutt verkin Pie Jesu eftir L. Niedermeyer og Calme des nuits eftir C. Saint-Saëns. Flytjendur á tónleikunum ásamt Kór Neskirkju eru Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Fjölnir Ólafsson barítón og á orgel leikur Björn Steinar Sólbergsson. Stjórnandi er Steingrímur Þórhallsson. Allir velkomnir.

### Handverk

**Hvað?** Handverkskaffi
**Hvenær?** 20.000
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Menningarhús, Gerðubergi
Í kvöld verður heklað að rússneskum sið er Patrick Hassel-Zein heimsækir Menningarhúsið í Gerðubergi og sýnir áhugasömum grunnaðferðirnar í rússnesku hekli. Mun hann auk þess sýna valda hluti af eigin hönnun í rússnesku hekli. Áhugasömum er bent á að taka með sér heklunál númer fimm og garn sem hentar vel, svo sem kambgarn. Allir hjartanlega velkomnir.

### Matargleði

**Hvað?** Matgæðingurinn Camilla Plum
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Aalto Bistro, Norræna húsinu
Í kvöld mun Camilla Plum spjalla við gesti og halda sýnikennslu í hvernig á að súrsa grænmeti og margt fleira. Munu kokkarnir á Aalto Bistro elda að hætti Plum og er því hægt að bóka borð á aalto@bordstofan.is. Allir velkomnir.



**Ævintýri Einars Áskels verða sögð á Bókasafni Seltjarnarness í dag.**

### Bókmenntir

**Hvað?** Sögustund með Einari Áskeli
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness



**Blásið verður til óvenjulegrar messu í Neskirkju.** MYND/VALLI

Í dag verður yngstu börnunum boðið í sögustund og verður það sjálfur Einar Áskell sem verður í aðalhlutverki, þó ekki hann sjálfur. Verður saga sögð af uppátækjum Einars Áskels þar sem hann reynir að fá pabba sinn til að samþykkja að hann fái að leika sér með stórhættuleg verkfæri. Allir velkomnir.

### Leikhús

**Hvað?** Heimkoman
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúsið
Meistaraverk Nóbelsskáldsins Pinters er nú komið á fjalir Þjóðleikhússins og er sýnt þar á stóra sviðinu. Miðasala á midi.is

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Eiga náttúruvernd og ferðaþjónusta samleið?
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Náttúruverndarsamtök Íslands og Landvernd standa að hádegisfyrirlestri Brents Mitchell í samstarfi við Landgræðsluna, Vatnajökulsþjóðgarð, Þingvallaþjóðgarð og Umhverfisstofnun/þjóðgarðinn Snæfellsjökli. Mitchell er bandarískur sérfræðingur um þjóðgarða, friðlýst svæði og leiðir til að efla starf almennings og félagasamtaka í náttúruvernd. Allir velkomnir.



**Þórunn Antonía verður á Kaffi Sólon.** MYND/ANTON BRINK

**Hvað?** Makamissir og stuðningshópar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Safnaðarheimili Háteigskirkju
Dr. Bragi Skúlason verður með erindi um makamissi á vegum Nýrrar dögunar og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Bragi lauk rannsókn á sorg íslenskra ekkla í fyrra en var áður búinn að vinna með ekkjum í sorgarnámskeiðum í mörg ár. Makamissir er með álagsmestu lífsreynslu sem þekkt er. Eftirlifandi maki þarf að takast á við miklar breytingar og aðlagast lífi á mjög breyttum forsendum. Hægt verður að skrá sig í stuðningshóp fyrir þá sem misst hafa maka.

**Hvað?** Opinn kynningarfundur verkefnisstjórnar rammaáætlunar
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Í dag mun verkefnisstjórn rammaáætlunar boða til opins kynningarfundar vegna vinnu við þriðja áfanga rammaáætlunar, sem er í fullum gangi. Munu formenn verkefnisstjórnarinnar og faghópa kynna stöðu mála. Almennar umræður að erindum loknum.

### Listsýningar

**Hvað?** RWSRWS jaðarlistasýning, útgáfu- og frumsýningarpartí.
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Happy Studio, Járnbraut 1, Granda
Grandabræður munu opna sýningu sína í dag og verður slegið upp heljarinnar húllumhæi í tilefni þessa. Sýningunni lýkur á miðnætti þann 5. nóvember með tónleikum.




# Menn geta gengið að göflunum í miðborginni á miðborgarvöku

Miðborg Reykjavíkur hefur tekið á sig glæsilega mynd því nú hafa nokkrir listamenn lokið við að mála tólf listaverk á jafn margar byggingar í miðbænum. „Menn geta nú gengið að göflunum á Miðborgarvökunni,“ segir miðborgarstjórinn Jakob Frímann Magnússon léttur í lundu en gafla húsanna prýða nú glæsileg listaverk.

Miðborgarvaka hefst í kvöld ásamt tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves og voru listaverkin gerð af því tilefni. „Þetta eru einkum og sér í lagi erlendir listamenn sem mála þessi verk. Þetta byrjaði allt með samtali framkvæmdastjóra Airwaves, Gríms Atlasonar, og þýskrar myndlistarkonu og ýttu þau þessu verkefni af stað,“ segir Jakob Frímann um upphafið.

Miðborgarvaka fer ávallt fram á sama tíma og Airwaves-hátíðin og þá er mikið um að vera í miðborgarsamfélaginu. „Það er til að mynda opið lengur í verslunum og miðborgin mun iða af lífi og hvetjum við fólk til að koma og njóta Airwaves-stemningarinnar í miðbænum, með öllum þeim möguleikum sem í boði eru eins og off-venue viðburðum og opnum verslunum,“ segir Jakob Frímann, sem sjálfur ætlar að vaka lengi fram eftir og ganga að göflunum. – glp

**ÞAÐ ER TIL AÐ MYNDA OPIÐ LENGUR Í VERSLUNUM OG MIÐBORGIN MUN IÐA AF LÍFI OG HVETJUM VIÐ FÓLK TIL AÐ KOMA OG NJÓTA AIRWAVES-STEMNINGARINNAR Í MIÐBÆNUM.**





Síkátur sjómaður prýðir vegg Sjávarútvegshússins.



Brynja Pétursdóttir segir vikuna vera þá stærstu í heimi street-dans á Íslandi.

# Stærsta vika ársins í street-dansi á Íslandi

Stærsta vika ársins í dagatali street-dansara á Íslandi er nú í fullum gangi en vikan ber nafnið Street dans einvígið.

Mikið er um að vera og koma hingað til lands tveir heimsþekktir dansarar, Kapela frá París sem hefur unnið allar stærstu street-danskeppnir Evrópu og víðar og Danielle Polanco frá New York sem hefur unnið sem danshöfundur og einn aðaldansara Beyoncé í rúm tíu ár, auk þess að leika Missy í Step Up 2 og vinna með Janet Jackson, Jennifer Lopez, Lady Gaga, Usher og fleirum. „Það mættu 70 manns í uppseldan house-tíma hjá Kapela í mánudag, frábær stemning og hann er nú þegar kominn í röð uppáhaldskennara en við höfum fengið fjölda stórra nafna til að kenna hjá okkur,“ segir Brynja Pétursdóttir, skipuleggjandi hátíðarinnar.

Aðalkvöld hátíðarinnar er Einvígið sjálft sem verður haldið 6. nóvember í Spennistöðinni þar sem allir bestu street-dansarar landsins keppa um bikarinn í „1 on 1 battles“ í hiphop, dancehall, waacking, popping og break.

„Þetta er í fjórða sinn sem hátíðin er haldin og er þetta í fyrsta sinn sem við flytjum inn tvo kennara, en áhuginn fyrir námskeiðunum er mikill svo ákveðið var að færa út kvíarnar og það er að fá mikil viðbrögð. Það er ómetanlegt fyrir dansara að fá að læra hjá svo stórum nöfnum í dansheiminum, en nemendur okkar eru enn að melta upplýsingar frá námskeiðum síðustu ára en Buddha Stretch, danshöfundur Michaels Jackson, kom á fyrsta einvígið til dæmis,“ segir Brynja. – glp




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur



19:50
**SIGRÍÐUR ELVA Á FERÐ OG FLUGI**
Ferskir og skemmtilegir ferðaþættir þar sem Sigríður Elva heimsækir vel valdar borgir og leitast við að veita betri innsýn í umræddar borgir og kynnast því helsta sem þær hafa upp á að bjóða.

FRÁBÆR MIÐVIKUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



20:15
**COVERT AFFAIR**
Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.



21:00
**BLINDSPOT**
Ung kona finnst á Times Square, algjörlega minnislaus og líkami hennar þakinn húðflúrum sem eru vísbendingar á glæpi sem þarf að leysa.



21:45
**BONES**
Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



22:00
**HOURS**
Dramatísk spennumynd um ungan föður sem reynir að halda nýfæddri dóttur sinni á lífi eftir að fellibylurinn Katarina skellur á New Orleans.



3 | 20:40
**MAYDAY: DISASTERS**
Vandaðir heimildaþættir sem fjalla um flugslys, flugrán, sprenjuhótanir um borð í vélum og aðrar hættur sem hafa komið upp í háloftunum.



Krakkastöðin | 18:00
**DÓRA LANDKÖNNUÐUR**
Dóra landkönnuður, Klossi og félagar fara í ævintýralegan leiðangur og leysa skemmtilegar þrautir og verkefni á leiðinni.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Waybuloo
**07.20** Lína Langsokkur
**07.40** Big Time Rush
**08.05** The Middle
**08.25** The Crazy Ones
**08.50** Friends with Better Lives
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.00** Ljósvakavíkingar
**11.30** Sullivan & Son
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Nashville
**13.45** Nashville
**14.30** Big Time Rush
**14.55** White Collar
**15.45** Restaurant Startup
**16.30** Up All Night
**16.55** Raising Hope
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag.
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Mindy Project
**19.50** Sigríður Elva á ferð og flugi
**20.10** Covert Affairs
**20.55** Blindspot
**21.45** Bones 10
**22.30** Real Time with Bill Maher
**23.25** NCIS
**00.10** The Blacklist
**00.50** The Player
**01.35** Stalker
**02.15** Batman
**04.20** The Middle
**04.40** Simpson-fjölskyldan
**05.00** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

**07.20** Meistaradeildarmörkin
**07.55** Meistaradeildarmörkin
**08.30** Meistaradeildarmörkin
**09.05** Ítalski boltinn
**10.45** ítölsku mörkin
**11.15** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**11.40** UEFA Champions League
**13.25** UEFA Champions League
**15.10** UEFA Champions League
**16.55** UEFA Champions League
**18.40** Meistaradeildarmörkin
**19.15** Meistaradeildarkvöld
**19.40** Bayern München - Arsenal Bein útsending
**21.45** Meistaradeildarmörkin
**22.30** UEFA Champions League
**00.20** UEFA Champions League
**02.10** UFC Now 2015

## SPORT 2

**11.30** Premier League
**13.15** Premier League
**15.00** Premier League Review
**15.55** Premier League
**17.40** Premier League World 2015/2016
**18.10** Premier League
**19.55** Messan
**21.15** Premier League
**23.00** League Cup

## GOLFSTÖÐIN

**08.45** Turkish Airlines Open
**14.05** Golfing World
**14.55** Turkish Airlines Open
**18.05** Feherty
**18.55** Golfing World
**19.45** Turkish Airlines Open
**22.55** Champions Tour Highlights
**23.50** World Golf Championship
**02.10** Golfing World
**03.00** HSBC Champions

## STÖÐ 3

**18.45** Clipped
**19.05** Sullivan & Son
**19.30** Ground Floor
**19.55** 50 Ways to Kill Your Mammy
**20.40** Mayday. Disasters
**21.25** Last Ship
**22.10** The Last Man on Earth
**22.35** Flash
**23.20** Gotham
**00.05** Arrow
**00.45** Supernatural
**01.30** Ground Floor
**01.55** 50 Ways to Kill Your Mammy
**02.40** Mayday. Disasters
**03.25** Last Ship
**04.10** The Last Man on Earth
**04.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveins
**07.49** UKI
**07.54** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Ævintýri Tinna
**08.23** Brunabílarnir
**08.47** Latibær
**09.00** Ljóti andarunginn og ég
**09.25** Lukku-Láki
**09.47** Ævintýraferðin
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.45** Doddi litli og Eyrnastór
**10.55** Leyndarmál vísindanna
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveins
**11.49** UKI
**11.54** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Ævintýri Tinna
**12.23** Brunabílarnir
**12.47** Latibær
**13.00** Ljóti andarunginn og ég
**13.22** Lukku-Láki
**13.44** Ævintýraferðin
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.45** Doddi litli og Eyrnastór
**14.55** Leyndarmál vísindanna
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveins
**15.49** UKI
**15.54** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Ævintýri Tinna
**16.23** Brunabílarnir
**16.47** Latibær
**17.00** Ljóti andarunginn og ég
**17.22** Lukku-Láki
**17.44** Ævintýraferðin
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.45** Doddi litli og Eyrnastór
**18.55** Leyndarmál vísindanna
**19.00** Hetjur Valhallar



UKI, kl. 07.49, 11.49 og 15.49

## GULLSTÖÐIN

**18.20** Two and a Half Men
**18.45** Friends
**19.10** Modern Family
**19.30** New Girl
**19.55** Frikki Dór og félagar
**20.20** Tekinn 2
**20.45** Chuck
**21.30** Klovn
**22.00** Cold Case
**22.45** Cold Feet
**23.35** The Sopranos
**00.30** Broadchurch
**01.20** Frikki Dór og félagar
**01.40** Tekinn 2
**02.10** Chuck
**02.50** Klovn
**03.15** Cold Case
**04.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.10** House of Versace
**12.40** Justin Bieber's Belive Frábær heimildarmynd sem fjallar um líf Justin Bieber á sviði og utan þess þegar frægðarsól hans skein hvað hæst.
**14.15** Catch Me If You Can
**16.35** House of Versace
**18.05** Justin Bieber's Belive
**19.40** Catch Me If You Can
**22.00** Hours
**23.35** Dark Tide Spennumynd með Halle Berry og Oliver Martinez í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um atvinnukafarann Kate sem á erfitt með að sinna starfi sínu eftir að félagi hennar lést í hræðilegri hákarlaárás. Nú fær hún tilboð um að leiða hóp ríkra ofurhuga í áhættusaman köfunarleiðangur og það reynist henni þrautin þyngri að yfirstíga óttann með banvænustu skepnur hafsins allt í kring þar sem ekkert má út af bregða.
**01.25** Ghost Rider. Spirit of Vengeance Hörkutólið Johnny Blaze er mætt aftur. Johnny hefur farið huldu höfði í Austur-Evrópu en núna þarf hann að berjast við kölska sem hefur tekið sér bólfestu í mannslíkama.
**03.00** Hours

## RÚV

**17.15** Landinn
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Finnbogi og Felix
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Herkúles
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Hæpið
**20.40** Kiljan
**21.25** Höfuðstöðvarnar
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Iceland Airwaves 2015
**01.00** Kastljós
**01.30** Fréttir
**01.45** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Design Star
**09.50** Million Dollar Listing
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**13.30** Cheers
**13.55** Dr. Phil
**14.35** Black-ish
**15.00** Jane the Virgin
**15.45** America's Next Top Model
**16.25** Solsidan
**16.45** Life in Pieces
**17.05** Grandfathered
**17.30** The Grinder
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Odd Mom Out
**20.15** Survivor
**21.00** Code Black
**21.45** Quantico
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Agent Carter
**00.35** Scandal
**01.20** How to Get Away with Murder
**02.05** Code Black
**02.50** Quantico
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# NÝJAR BÆKUR, GAMLIR TÍMAR




## MARGBROTIN ÆVISAGA ÁRNA

★★★★

**„Skemmtileg og heillandi."**
Brynhildur Björnsdóttir / Fréttablaðið

**Eitt á ég samt**
**Vildarverð: 5.999.-**
Verð: 7.499.-




## SJÓVEIKUR HALLGRÍMUR

**„Stórskemmtileg og söguþráðurinn óborganlegur."**
SIÓ/ Kvennablaðið

**„Sprúðlandi fjörug frásögn."**
Egill Helgason / Kiljan

**„Við getum mælt með henni, það er alveg öruggt."**
SGV / Kiljan

**Sjóveikur í München**
**Vildarverð: 5.599.-**
Verð: 6.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gildir 4. nóvember, til og með 8. nóvember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




SONY W80 androidtv



Afburðahönnun og frábær myndgæði frá meisturum Sony

43" – Verð: 149.990 kr.
50" – Verð: 199.990 kr.
55" – Verð: 239.990 kr

X-Reality PRO
Live Football Mode
Motionflow XR 1000
Full HD 1080

SONY X8 androidtv 4K



4K Ultra HD upplausn, sjáðu hvert smáatriði í nýju ljósi

43" – Verð: 199.990 kr.
49" – Verð: 239.990 kr.
55" – Verð: 299.990 kr.

X-Reality PRO
Live Football Mode
Motionflow XR 800
Motionflow XR 1000

SONY W85 androidtv



Sjáðu stærstu myndina í snjallasta sjónvarpinu

65" – Verð: 369.990 kr.
75" – Verð: 569.990 kr.

X-Reality PRO
Live Football Mode
Motionflow XR 800
Full HD 1080

Nýherji / Borgartúni 37
Kaupangi Akureyri
netverslun.is

NÝHERJI




Sindri Ástmarsson, eigandi umboðsfyrirtækisins Mid Atlantic Management. Níu hljómsveitir og tónlistarmenn á hans snærum spila á 59 tónleikum á Airwaves-hátíðinni í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skjólstæðingarnir spila á 59 tónleikum

Hvorki fleiri né færri en níu hljómsveitir, sem **Sindri Ástmarsson** er umboðsmaður fyrir, koma fram á 59 tónleikum á Airwaves í ár.


Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@365.is


Sindri Ástmarsson, sem er eigandi íslenska umboðsfyrirtækisins Mid Atlantic Management, hefur svo sannarlega í nógu að snúast um þessar mundir, þegar stærsta tónlistarhátíð ársins hér á landi, Iceland Airwaves, fer fram. Á hátíðinni í ár eru hvorki fleiri né færri en 59 tónleikar með tónlistarfólki sem hann er umboðsmaður fyrir en alls koma fram á hátíðinni níu hljómsveitir og tónlistarmenn sem eru á hans snærum.

**Alltaf í símanum**

„Kærastan mín segir að vinnan mín felist allavega mjög mikið í því að vera í símanum,“ segir Sindri og hlær, spurður út í starf sitt. „Það að vera umboðsmaður er ekki bara að sjá um bókanir, heldur er þetta meira bara að einfalda hlutina fyrir tónlistarmanninn. Maður þarf að vera eins konar hjarta og tengja saman alla þá sem koma að málinu. Það er auðveldara að útskýra þetta þegar listamaðurinn er kominn lengra, eins og til dæmis með Axel Flóvent en hann er með þrjá mismunandi bókara, samning hjá publishing-fyrirtæki þannig að þá er þetta mikið af fólki sem er að vinna með honum og ég sé um að tengja alla, halda utan allt og reyna að láta hlutina ganga,“ útskýrir Sindri.

Hann stofnaði fyrirtækið snemma á árinu en hefur verið í tónlistargeiranum í lengri tíma. „Ég var með Kaleo í tvö ár eða alveg þangað til þeir fóru til Bandaríkjanna.“ Ein af helstu ástæðunum fyrir því að Sindri ákvað að demba sér á fullu í umboðsmannageirann var sú hve vel gekk með Kaleo. „Það var eiginlega af því að það gekk svo vel með Kaleo að ég ákvað að taka stökkið og fara í þetta á fullu.“

**Hefur stækkað tengslanetið**

Hvernig er að horfa á eftir hljómsveitum til annarra og stærri fyrirtækja í heiminum? „Þetta er kannski eins og að vera þjálfari hjá neðrideildarliði sem kemst upp um deild og þá þarf liðið reyndari aðila til að taka við. Um leið og stærstu plötufyrirtæki í heimi fara að hafa samband þá játaði ég að stærri umboðsfyrirtæki hefðu ákveðna yfirburði en á sama tíma nýtti ég mér það og hef stækkað tengslanetið mjög mikið í kjölfarið.“

Í dag er Sindri umboðsmaður yfir tíu íslenskra hljómsveita og tónlistarmanna en þó eru nöfnin misþekkt. „Þegar ég stofnaði fyrirtækið vildi ég gera eitthvað eins og ég gerði með Kaleo, þ.e.a.s. að taka þátt í að byggja upp listamenn frá upphafi,“ segir Sindri. Hans fyrstu skjólstæðingar eftir stofnun fyrirtækisins voru tónlistarmennirnir Axel Flóvent og Máni Orrason og báðir hafa þeir verið á tónleikaferðalögum ytra. „Báðir þessir listamenn eru líka að fókusa á erlendan markað frekar en hérna heima,“ bætir Sindri við. Fljótlega eftir það kom hljómsveitin AmabAdamA inn og í kjölfarið jukust umsvif fyrirtækisins á Íslandi enda sveitin ein sú vinsælasta hér á landi.

**Annasöm helgi**
9 hljómsveitir og tónlistarmenn sem spila á Airwaves-hátíðinni.
59 tónleikar, 27 viðtöl bókuð við erlenda blaðamenn og Sindri á 21 fund við alls konar bransafólk.

**Ekkert gefins í bransanum**

Hann segir það vera mikla áhættu að vera í þessum geira og ekkert sé gefins. „Ef þetta væri alltaf eins og þetta er í dag þá veit ég ekki hvort ég myndi halda áfram en ég er bjartsýnn á framhaldið og það er líka gott að hafa pressu á sjálfum sér, vita að maður fær ekkert greitt nema það gangi vel hjá tónlistarmanninum manns.“ Hans helstu tekjur eru prósentur frá tónlistarmönnunum sem hann starfar með.

Sindri var allan septembermánuð erlendis með nokkrum af skjólstæðingum sínum en eftir að hann kom heim hafa vikurnar farið í undirbúning fyrir Airwaves enda segir hann hátíðina vera ákaflega mikilvæga fyrir íslenska listamenn. „Það er alveg ótrúlegt hvað það er mikið af erlendu bransafólki sem kemur á hátíðina. Airwaves er að mínu mati besta leiðin til þess að láta ljós sitt skína og ég myndi segja að það séu tíu sinnum meiri líkur á að fá samning á Airwaves heldur en á erlendum hátíðum því þessir erlendu aðilar eru aðallega að koma til að sjá og heyra íslenska tónlist. Íslenskir listamenn vita það og reyna að spila sem mest til að ganga í augun á réttu fólkinu.“

**gunnarleo@frettabladid.is**

## Skjólstæðingar Sindra

Agent Fresco (eingöngu á Íslandi)
AmabAdamA
Axel Flóvent
Emmsjé Gauti
Glowie
LOTV
Máni Orrason
María Ólafs
Salka Sól
Stafrænn Hákon
Steinar
ÚlfurÚlfur
Vio




**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



Vertu vinur okkar á Facebook
HAAG TUNGUSÓFI
Áður 199.900,-
NÚ 159.920,-
Stærð 325x143x210 cm
20% AFSLÁTTUR
A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
OPIÐ TIL KL. 22.00
Á KORPUTORGI Í KVÖLD - 4. NÓVEMBER
DUCHESS STÓLL
Áður: 49.900. NÚ: 39.920.
CHEMILLY BORÐ
Áður 49.900,-
NÚ 39.920,-
TALISA SÓFI
Áður 129.900,- NÚ 103.920,-
NID KÖRFUSTÓLL
Áður 59.900,-
NÚ 47.920,-
BEAUVAIS STÓLL
Áður 29.900,-
NÚ 23.920,-
HOJAI BEKKUR
Áður: 19.990,- NÚ: 15.992,-
SOVANA NÁTTBORÐ
Áður 32.900,- NÚ 26.320,-
BOLLENE NÁTTBORÐ
Áður 15.990,-
NÚ 12.792,-
PAPASAN STÓLL
Áður 12.990. NÚ 10.392,-
PULLA
Áður 9.990. NÚ 7.992,-
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • www.pier.is



# Miðborgarvaka

## OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD

Njótum mannlífs og menningar í magnaðri Airwaves-stemningu á tugum off-venue tónleikastaða víðsvegar um miðborgina. Spennandi tilboð, veitingar, tónlistarflutningur og aðrar uppákomur um miðborgina alla. Opið í verslunum til kl. 21:00 og víða lengur. Öll veitingahús opin fram eftir kvöldi.

**Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin.**




**FISKMARKAÐURINN**
Upplifun í hæsta gæðaflokki.
Aðalstræti 12

**smurstøðin**
Happy hour á Smurstöðinni frá 16:00–18:00.
Hörpu, Austurbakka 2

**Lífstykkjabúðin**
20% afsláttur af öllum vörum.
Laugavegi 82

**GRILLMARKAÐURINN**
Gæðahráefni eldað af fagmönnum.
Lækjargötu 2a

**KÚNÍGÚND** – SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR
20% afsláttur af öllum vörum.
Laugavegi 53b

**MICHELSEN ÚRSMIÐIR**
Úr: Armani, Michael Kors, Kenneth Cole og Daniel Wellington –20%
Laugavegi 15

**Spúútnik**
DJ Yamaho og léttar veitingar.
Laugavegi 28b

**Kaffitár**
Bjóðum tónlistarunnendur velkomna.
Bankastræti 8

**ANNARANNA**
20% afsláttur af öllum fatnaði og 10% afsláttur af skóm.
Laugavegi 77

**DIMMALIMM**
20% afsláttur af öllum úlpum og útigöllum.
Laugavegi 53b

**HÖFNIN** The Harbour Restaurant
Íslenski veitingastaðurinn við Reykjavíkurhöfn.
Geirsgötu 7

**lítil upphafi**
20% afsláttur af öllum GOKI tréleikföngum.
Skólavörðustíg 5

BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

### Ljósmyndasafn Reykjavíkur

OFF VENUE tónleikar 5. nóv. frá kl. 13:30–17:00. Frítt inn! borgarsogusafn.is

Grófarhúsi, Tryggvagötu 15

### Landnámssýningin

OFF VENUE tónleikar 6. nóv. frá kl. 14:00–17:30. Frítt inn! borgarsogusafn.is

Aðalstræti 16

### Sjóminjasafnið í Reykjavík

OFF VENUE tónleikar 7. nóv. frá kl. 12:00–17:00. Frítt inn! borgarsogusafn.is

Grandagarði 8

### GullBúðin Bankastræti

20% afsláttur af öllum úrum.

Bankastræti 6

### Sigurboginn

20% afsláttur af öllum buxum.

Laugavegi 80

### GB 1925 Skartgripir & úr

20% afsláttur af öllum úrum (nema Tissot).

Bankastræti 12

### Café Mezzo

Opið frá 9–22. Happy Hour frá kl. 17. Vöfflustangir, belgískar og heitt kakó á tilboði.

Lækjargötu 2a

### Finnska búðin

15% af öllum Marimekko heimilisvörum.

Laugavegi 27

### 38 Þrep

Laugavegi 49 / sími 561 5813

Verið velkomin.

Laugavegi 49

### Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar

Lifandi tónlist á miðvikudag og fimmtudag. DJ set á föstudag.

Laugavegi 59

### Kraum icelandic design

Það besta úr íslenskri hönnun.

Aðalstræti 10

### Ullarkistan

20% afsláttur af öllum Janus ullarfatnaði.

Laugavegi 25

### Berlin

20% afsláttur af reiðhjólum og fatnaði. Léttar veitingar í boði.

Laugavegi 59

### eva

20% afsláttur af öllum vörum frá By Malene Birger og opið til kl. 21.

Laugavegi 26

### Kjólar & Konfekt kjólar.is

20% afsláttur af snyrtivörum og skóm. BOLD METALS gjafasettin eru komin.

Laugavegi 92

### Einvera

10–20% afsláttur af öllum vörum og léttar veitingar í boði.

Laugavegi 35

### kroll

15% afsláttur af öllum MASAI vörum til kl. 21 í kvöld.

Laugavegi 49

### hrím eldhús

15% afsláttur af ÖLLU og léttar veitingar.

Laugavegi 32

### hrím hönnunarhús

20% afsláttur af íslenskri hönnun og 10% afsláttur af öllu öðru.

Laugavegi 25


MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!

— WWW.MIDBORGIN.IS —

Miðborgin okkar

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Kolbeins Tuma Daðasonar




## Vinstri og hægri á Tinder

**Á aðfangadag í fyrra skellti ég mér í göngutúr um miðbæ Reykjavíkur. Úr varð stopp á Bæjarins bestu þar sem ég hitti gamlan og góðan vin í röðinni. Spjallið hófst og fór af einhverjum ástæðum sem ég man ekki eftir að snúast um daðurforritið Tinder. Báðir vorum við einhleypir og vissara að taka stöðuna hvor á öðrum svona rétt fyrir jólin.**

Ég hafði rétt misst út úr mér að þetta væri ekki búið að gera mikið fyrir mig þegar hann byrjaði að hrista hausinn. „Þetta er algjör snilld," sagði félaginn. Tíu mánuðir liðu þar til ég hitti hann aftur og þá var hann kominn í samband, reyndar með kunningjakonu minni. Hvar kynntust þau? Jú, þið vitið svarið. Gott fólk sem fann hvort annað með aðstoð Tinder. Frábært!

Í fyrstu var ég gagnrýninn á forritið, maður gæti ekki dæmt neinn út frá myndum einum saman. Það er eitthvað til í því en þó held ég að ýmislegt megi lesa út úr myndunum. Sjálfa með myndavélina ofan í brjóstaskorunni, safn mynda úr ræktinni eða fyrir framan spegilinn er ekki að virka fyrir mig. En svo virkar það fyrir aðra. Þegar maður byrjar að spjalla við stelpu á skemmtistað er ástæðan yfirleitt ekki önnur en sú að útlitið heillar, svipað og á Tinder. Svo kemur í ljós hvort fleira heilli og hvort áhugi sé gagnkvæmur.

Þótt Tinder hafi ekki kryddað ástarlífið hingað til þá svalar það forvitni minni um hvaða stelpur eru einhleypar. Svo skelli ég reglulega upp úr yfir fyndnum týpum. Miðað við þá skrautlegu hluti sem maður sér hjá stelpunum efast ég ekki um að það geti verið algjört bíó að renna í gegnum íslensku strákana. Þegar ég hugsa út í það er sturlað að ég sé ekki búinn að því. Það hlýtur að vera næst á dagskrá en ætli ég fái ekki símann lánaðan hjá vinkonu til þess.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



365.is
Sími 1817
365

FÁRÁNLEGA **FLOTTUR PAKKI**

Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu **endalaust tal og 1 GB í GSM.**



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT á 365.is
SKEMMTIPAKKINN
9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag





KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, bókunargjald (999 kr.) og töskugjald ekki innifalið.